



HÁSKÓLI ÍSLANDS

**BA ritgerð
í Félagsráðgjöf**

Sakhæf börn með áhættuhegðun
Hvaða úrræði eru í boði?

Ada Björnsdóttir

Leiðbeinandi: Helgi Gunnlaugsson, prófessor
Júní 2023



HÍ

FÉLAGSRÁÐGJAFARDEILD

Sakhæf börn með áhættuhegðun

Hvaða úrræði eru í boði?

Ada Björnsdóttir

170200-2680

Lokaverkefni til BA-gráðu

Leiðbeinandi: Helgi Gunnlaugsson

Umsjónarmaður verkefnis: Steinunn Hrafnisdóttir

Stærð ritgerðar í ECTS einingum: 12 einingar

Félagsráðgjafardeild

Félagsvísindasvið Háskóla Íslands

Júní 2023

Sakhæf börn með áhættuhegðun: Hvaða úrræði eru í boði?

Ritgerð þessi er lokaverkefni til BA gráðu
og er óheimilt að afrita ritgerðina á nokkurn hátt nema með leyfi rétthafa.
© Ada Björnsdóttir, 2023

Reykjavík, Ísland, 2023

Útdráttur

Í þessari ritgerð er fjallað um úrræði sem eru í boði fyrir börn sem sýna áhættu hegðun og eru rekin af ríki og einkaaðilum. Einnig er fjallað um hvernig lagaumhverfið er í kringum úrræðin og hvaða réttindi börn hafa á Íslandi. Ásamt þessu er fjallað um uppbyggingu barnaverndarkerfisins og tekin upplýsingaviðtöl við einstaklinga sem starfað hafa innan kerfisins. Farið er yfir fyrri rannsóknir og kenningar úr bæði félagsráðgjöf og afbrotafræði sem eiga við málefni ritgerðarinnar.

Helstu niðurstöður benda til að barnaverndarkerfið þarf að grípa inn fyrir inn í mál barna, til þess að koma í veg fyrir að vandi þeirra þróist og verði eins alvarlegur og hann getur stundum orðið. Þetta kom mjög skýrt fram frá þeim viðmælendum sem rætt var við. Einnig kom í ljós að úrræði fyrir sakhæf börn með áhættu hegðun þurfa að vera sértækari, ásamt því að þurfa að mæta börnunum þar sem þau eru stödd.

Einnig kom sú ábending fram að ríki ætti að sjá um rekstur á úrræðum sem eru í boði fyrir börn, að það ætti ekki að vera einkarekin úrræði. Áberandi var við vinnslu þessarar ritgerðar að ágreiningur á milli ríkis og sveitarfélaga er um hver eigi að þjónusta börnin með mesta vandann.

Formáli

Þessi ritgerð er 12 eininga (ECTS) lokaverkefni til BA gráðu í félagsráðgjöf við Háskóla Íslands og fjallar um úrræði sem eru í boði fyrir börn sem sýna af sér áhættuhegðun. Ég valdi að skrifa um þennan hóp barna þar sem ég hef unnið í Klettabæ síðan í desember 2021 og hef kynnst þessum hópi barna í gegnum starfið þar frekar vel.

Leiðbeinandi minn var Helgi Gunnlaugsson, prófessor við Félagsfræði-, mannfræði- og þjóðfræðideild Háskóla Íslands, og vil ég þakka honum fyrir faglega leiðsögn og stuðning við að gera þetta verkefni eftir mínu höfði. Umsjónarmaður verkefnisins var Steinunn Hrafnisdóttir, prófessor við Félagsráðgjafardeild Háskóla Íslands, og vil ég einnig þakka henni fyrir gagnlegar athugasemdir við gerð ritgerðarinnar. Foreldrum mínum, Kristínu Huld Gunnlaugsdóttur og Birni Sigurðarsyni, vil ég þakka fyrir ómetanlegan stuðning í gegnum námið. Björn Sigurðarson fær sérstakar þakkir fyrir yfirlestur og gagnlegar athugasemdir. Kæranum mínum, Bjarti Loga, þakka ég fyrir stuðninginn, þolinmæðina og hvatninguna í gegnum þetta nám. Án fjölskyldunnar hefði þetta ekki tekist.

Efnisyfirlit

Útdráttur.....	5
Formáli.....	6
Efnisyfirlit.....	7
Töfluskra.....	9
Myndaskra.....	9
1 Inngangur.....	10
2 Fræðilegur bakgrunnur.....	12
2.1 Kenningar.....	12
2.2 Fyrri rannsóknir.....	14
2.3 Tölulegur kafli.....	17
3 Lagaumhverfið.....	23
3.1 Lög um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna nr. 86/2021.....	23
3.1.1 Þjónustustig.....	24
3.2 Barnaverndarlög nr. 80/2002.....	25
3.3 Reglugerð um afplánun sakhæfra barna nr. 533/2015.....	26
3.4 Barnalög nr. 76/2003.....	28
3.5 Lög um meðferð sakamála nr. 88/2008.....	28
4 Barnaverndarkerfið.....	30
4.1 Barna- og fjölskyldustofa.....	30
4.2 Umdæmisráð.....	31
4.3 Barnaverndarþjónustan.....	32
5 Úrræði.....	34
5.1 Úrræði sem Barna- og fjölskyldustofa reka.....	34
5.1.1 Stuðlar.....	37
5.1.2 Meðferðarheimilið Bjargey.....	38
5.1.3 MST.....	39
5.1.4 Fósturráðstöfun.....	40
5.2 Vinakot.....	42
5.2.1 Búsetuúrræði.....	43
5.3 Klettabær.....	44
5.3.1 Búsetuúrræði.....	45
5.4 Heilindi.....	46
5.5 Vopnabúrið.....	46

5.6 Gæða- og eftirlitsstofnun velferðarmála	48
6 Upplýsingaviðtöl	50
6.1 Framkvæmdarstjóri farsældarsviðs hjá Barna- og fjölskyldustofu	50
6.2 Félagsráðgjafi hjá sveitarfélagi	52
6.3 Rekstraraðili einkarekins úrræðis	54
6.4 Fyrrum starfsmaður Stuðla	56
7 Lokaorð.....	58
8 Umræða.....	60
9 Heimildaskrá	64

Töfluskrá

Tafla 1 Fjöldi í meðferð (innskriftir á árinu og frá fyrra ári) – (Eva Dögg Sigurðardóttir og Heiða Björg Pálmadóttir, 2021)	18
Tafla 2 Innskriftir eftir aldri – (Eva Dögg Sigurðardóttir og Heiða Björg Pálmadóttir, 2021)	19
Tafla 3 Ástæður tilkynninga – (Barnaverndarstofa, 2022)	20
Tafla 4 Áhættuhegðun barna, undirflokkar – (Barnaverndarstofa, 2022)	21
Tafla 5 Fjöldi barna ráðstafað utan heimilis – (Barnaverndarstofa, 2019).....	21

Myndaskrá

Mynd 1 Þróun andfélagslegrar hegðunar - (Freydís Jóna Freysteinsdóttir, 2008).....	13
Mynd 2 Barnaverndarnefndir sveitarfélaga (Stjórnarráð Íslands, e.d.)	32

1 Inngangur

Á Íslandi miðast sakhæfi við 15 ára aldur. Frá þeirri stundu er gert ráð fyrir að börn beri ábyrgð á eigin gjörðum, þar á meðal brotum, en þar sem þau eru lögum samkvæmt börn til 18 ára aldurs tekur barnaverndarkerfið við þeim börnum sem brjóta af sér. Í staðinn fyrir að fara í fangelsi fara börn sem sýna áhættuhegðun, í meðal annars afbrotum, í úrræði innan barnaverndarkerfisins. Í þessari ritgerð verða þessi úrræði sem eru í boði innan barnaverndarkerfisins skoðuð, sem eru rekin af ríkinu en einnig þau úrræði sem eru einkarekin. Ástæðan fyrir því að ég hef áhuga á þessum málaflokki og valdi að gera BA verkefnið mitt um þessi börn er sú að ég hef unnið í úrræðinu sem kennt er við Klettabæ. Það einkarekið úrræði fyrir börn með fjölþættan vanda. Ég hef því kynnst vel börnum sem sýna af sér áhættuhegðun en ég hafði áhuga á að skoða betur hvað er í boði fyrir þau innan barnaverndarkerfisins. Hér verða skoðaðir kostir og gallar þeirra úrræða sem í boði eru.

Margvíslegum heimildum var safnað, aðallega reglugerðum og lögum þar sem fram koma réttindi barna sem þurfa á úrræðum úr barnaverndarkerfinu að halda. Einnig voru fyrri rannsóknir skoðaðar, alls fjórar talsins sem teknar voru fyrir. Voru þær gerðar 2007, 2008 og 2012. Kenning um þróun andfélagslegrar hegðunar og félagslegt taumhald voru skoðaðar. Einnig var notuð SOF greining sem Freydís J. Freysteinsdóttir prófessor setti fram. Freydís hefur rannsakað þennan málaflokk töluvert á síðustu árum og því stuðst við mikið af heimildum frá henni.

Til þess að fá enn betri mynd á kerfið var ákveðið að taka viðtöl við einstaklinga sem tengjast kerfinu, hafa unnið innan kerfisins eða eru að starfa í kerfinu. Tekið var viðtal við starfsmann ríkisins, starfsmann sveitarfélags, eiganda einkaúrræðis og starfsmann sem starfaði áður fyrir í úrræði á vegum ríkisins.

Þær rannsóknarspurningar sem unnið verður að því að svara eru eftirfarandi:

- Hvaða úrræði eru í boði fyrir börn sem sýna af sér áhættuhegðun?
- Hvar standa félagsráðgjafar innan kerfisins þegar kemur að börnum sem sýna af sér áhættuhegðun?

Byrjað verður á því að skoða þann fræðilega bakgrunn sem er til staðar varðandi ungmenni með áhættuhegðun. Næsti kafli eftir það fjallar um lög og reglugerðir þar sem

farið er yfir réttindi barna innan kerfisins. Eftir það er fjallað um barnaverndarkerfið sjálft og svo er farið yfir úrræðin. Í lokin verður farið yfir þau viðtöl sem voru tekin og svo farið yfir niðurstöður ritgerðarinnar.

2 Fræðilegur bakgrunnur

Til að skilja betur af hverju barnaverndarkerfið er sett upp eins og það er þarf að skilja þann fræðilega bakgrunn sem til er. Heimildum var safnað saman er varðar barnaverndarkerfið, þá fyrri rannsóknir og tölulegar upplýsingar um hversu mörg börn fara í gegnum kerfið sjálft. Einnig var ákveðið að skoða þær kenningar sem eiga við þegar kemur að börnum sem brjóta af sér. Kenning Patterson, DeBaryshe og Ramsey (1989) á hvað best við en hún fjallar um þróun andfélagslegrar hegðunar hjá börnum. Einnig verður fjallað um kenningu Hirschi (2002) um félagslegt taumhald. Til að skilgreina áhættuhegðun barna var ákveðið var að notast við *Skilgreiningar- og flokkunarkerfi* (SOF) sem barnavernd notast við til að skilgreina áhættuhegðun barna, ásamt undirflokkum. Gerð er nánari grein fyrir þessu kerfi síðar.

2.1 Kenningar

Í þessum undirkafla verða kenningar sem skýra áhættuhegðun barna skoðaðar. Fyrst verður áhættuhegðun barna skilgreind og var ákveðið að notast við *Skilgreiningar- og flokkunarkerfi* (SOF) sem barnavernd notast við. Þar er áhættuhegðun barna skilgreind á eftirfarandi hátt:


...athöfn eða skortur á athöfn barns sem veldur barninu sjálfu eða öðrum skaða eða er líkleg til að valda því eða öðrum skaða. Í áhættu felst að auknar líkur séu á óæskilegri þróun þegar um áhættuhegðun barna er að ræða. Oftast er um börn eldri en 13 ára að ræða...(Freydís J. Freysteinsdóttir, 2012).

Einnig notast barnavernd við fimm undirflokka til að skilgreina áhættuhegðun barna en þeir eru: grunur um neyslu barns á vímuefnum, grunur um að barn stefni eigin heilsu í hættu, grunur um afbrot barns, grunur um að barn beiti annan einstakling ofbeldi og grunur um erfiðleika barns í skóla. Undirflokkarnir verða skoðaðir nánar hér á eftir (Freydís J. Freysteinsdóttir, 2012).

Sú kenning sem á hvað best við þegar kemur að áhættuhegðun barna er kenning Patterson, DeBaryshe og Ramsey (1989) sem fjallar um þróun andfélagslegrar hegðunar hjá börnum (andfélagsleg hegðun er í raun annað heiti á áhættuhegðun). Samkvæmt kenningu Patterson o.fl. getur áhættuhegðun unglinga hafist á unglingsárunum eða átt rætur að rekja til hegðunarerfiðleika sem byrjuðu í barnæsku. Talið er líklegra að hegðun barns þróist út í andfélagslega hegðun á fullorðinsárum ef hægt er að rekja

hegðunarvanda þeirra til erfiðleika sem byrjuðu í barnæsku. Patterson o.fl. (1989) settu kenningu sína fram sem líkan¹ svo hægt sé að sjá þróun andfélagslegrar hegðunar frá barnæsku yfir í unglingsárin (sjá mynd 1).

Mynd 1 Þróun andfélagslegrar hegðunar - (Freydís Jóna Freysteinsdóttir, 2008)



Í þessu líkani er gert ráð fyrir að áhættuhegðun barna, þar sem hegðunarvandi byrjar í barnæsku, eigi rætur að rekja til skorts á stuðningi, ögun og eftirliti sem birtist strax á leikskólaaldri. Þá sé óæskileg hegðun gjarnan styrkt jákvætt á þessum árum meðal annars á þann hátt að ef barn hendir sér í gólfíð í búð og heimtar eitthvað sem það vill fá, til dæmis sælgæti, sé látið undan (Freydís Jóna Freysteinsdóttir, 2008). Á sama tíma sé æskileg hegðun sem barn sýnir hunsuð til dæmis ef barn situr hljóðlát og teiknar fær það enga athygli frá foreldrum sínum. Með því draga foreldrar úr æskilegri hegðun barnsins þar sem það fær engin viðbrögð vegna þeirra hegðunar (Patterson o.fl., 1989; Freydís Jóna Freysteinsdóttir, 2008).

Á næsta stigi líkansins færast hegðunarvandi barna af heimilinu, yfir í leikskólann og síðar meir í skólann. Þar sem börn í þessum aðstæðum hafa litla sjálfsstjórn og taka lítið tillit til annarra vegna uppeldisaðstæðna sinna eru þau í hættu á að verða hafnað af jafnöldrum sínum sem teljast „eðlilegir“. Einnig eiga þau á hættu að námsárangur þeirra verði lélegri en jafnaldra þeirra, þar sem aðhald skortir á heimili þeirra varðandi námið. Þegar börnum er hafnað af „eðlilegum“ jafnöldrum sínum einangrast þau og eru líkleg til að leita til annarra barna í svipaðri stöðu og mynda tengsl við þau. Eftir að þau hafa tengst öðrum börnum í svipaðri stöðu eru líkur á aukinni áhættuhegðun á unglingsárum og að birtingarmynd hennar verði alvarlegri en þegar þau voru yngri, til að mynda vímuefnanotkun og afbrot. Sýnt hefur verið fram á að ef ekkert stöðvar þróunina sem lýst er í líkaninu eru þeir einstaklingar sem fara í gegnum þessi stig líklegri til að virða ekki

¹ Freydís Jóna Freysteinsdóttir þýddi líkan Patterson's o.fl. (1989) yfir á íslensku

reglur samfélagsins og þróa með sér andfélagslega hegðun á fullorðinsárum (Patterson o.fl., 1989; Freydís Jóna Freysteinsdóttir, 2008).

Síðan líkanið kom fram hefur komið í ljós að tilteknir eiginleikar barns geta spilað inn í þróun áhættuhegðunar þess. Til að mynda getur erfið skapgerð barns — athyglisbrestur eða ofvirkni — ýtt undir líkurnar á að barnið þrói með sér áhættuhegðun. Einnig geta alvarlegir misbrestir í aðbúnaði barns, til dæmis hæfni foreldra til að ala upp barn, ýtt undir að barn þrói með sér áhættuhegðun á unglingsárum (Freydís Jóna Freysteinsdóttir, 2008)

Kenning Hirschi (2002) um félagslegt taumhald (*e. social control*) á einnig vel við þegar þróun áhættuhegðunar barna er skoðuð. Í henni er gert ráð fyrir því að mismunandi sé á milli einstaklinga hve mikið þeir telja sig eiga að fylgja reglum samfélagsins og að einstaklingur sem telur sig ekki þurfa að hlýða reglum samfélagsins sé mun líklegri til að brjóta þær og fremja afbrot. Til þess að auka líkur á því að einstaklingur fylgi reglum samfélagsins þarf hann að tengjast því venjulega samfélagi sem er til staðar. Þannig að því meira sem einstaklingur er tengdur venjulegu fólki þeim mun líklegri er hann til að taka þátt í venjulegri virkni samfélagsins og samþykkja þær hugmyndir sem eru ríkjandi um æskilega hegðun. Í stuttu máli snýst kenningin um félagslegt taumhald um tengsl einstaklingsins við samfélagið og því tengdari sem hann er því, því ólíklegri er hann til að brjóta reglur þess (Hirschi, 2002).

2.2 Fyrri rannsóknir

Í þessum kafla verða skoðaðar fyrri rannsóknir sem hafa verið gerðar á Íslandi um málefni barna og unglunga sem sýna af sér áhættuhegðun. Einungis voru skoðaðar íslenskar rannsóknir þar sem erfitt reyndist að finna sambærilegar rannsóknir frá hinum Norðurlöndunum.

Rannsókn Margrétar Valdimarsdóttur og Jón Gunnars Bernburg (2007) gekk út á að skoða heimilisaðstæður, félagsleg tengsl og frávíkshægðun unglunga. Niðurstöður rannsóknarinnar sýndu fram á að ölvun foreldra og bág efnahagsstaða hefur marktæk áhrif á vímuefnaneyslu, afbrot og ofbeldi unglunga. Einnig kom í ljós að þeir unglingar sem eiga heima hjá einu kynforeldri og einu stjúpfareldri eru marktækt líklegri en aðrir til þess að vera í vímuefnaneyslu, í afbrotum og beita ofbeldi. Þeir unglingar sem eiga heima hjá einstæðu foreldri eru marktækt líklegri en aðrir til að stunda afbrot og vera í

vímuefnaneyslu. Það getur verið vegna þess að einstæða foreldra skortir oft ýmsar þjargir sem tveir foreldrar hafa og kemur það því niður á uppeldi unglínganna en þessir unglíngar hafa meðal annars minna félagslegt taumhald (*e. social control*). Í rannsókninni kom einnig fram að eftir því sem tengsl unglínganna við foreldra eykst og eftirlit foreldra með unglíngunum eykst þeim mun minni líkur eru á því að unglíngar sýni af sér áhættu hegðun. Einnig kom fram að þegar félagslegt taumhald á unglíngum minnkar eykst áhættu hegðun þeirra og að ölvun foreldra og bág efnahagsstaða hafi neikvæð áhrif á félagslegt taumhald.

Í annarri rannsókn sem Margrét Valdimarsdóttir, Jón Gunnar Bernburg og Rannveig Þórisdóttir (2008) gerðu var verið að skoða tilgátur byggðar á kenningum um félagslega óreiðu (*e. social disorganization*). Niðurstöður rannsóknarinnar studdu tilgátturnar og sýndu fram á að í þeim skólahverfum þar sem aðstæður foreldra eru almennt erfiðar er að jafnaði hærri afbrotatíðni. Þá eru tengsl foreldra og barna minni en er í öðrum hverfum og tíðni búferlaflutninga hafði marktæka fylgni við afbrotatíðni eins og hún birtist í opinberum gögnum. Í rannsókninni kemur fram að stöðugleiki þegar kemur að búsetu íbúa, hvort margar fjölskyldur hafi búið í hverfi lengi eða ekki, að það tengist frekar alvarlegum afbrotum unglínganna heldur en vægari afbrotum.

Freydís Jóna Freysteinsdóttir (2008) gerði samanburðarrannsókn á unglíngum með áhættu hegðun sem fara annars vegar í langtímameðferð og hins vegar fá vægari úrræði af hálfu barnaverndaryfirvalda. 40 mál voru valin af handahófi sem fólu í sér tilkynningar til barnaverndar um áhættu hegðun unglíngs á eins árs tímabili. Málunum var svo fylgt eftir frá því að fyrsta tilkynning barst um áhættu hegðun unglíngs.

Niðurstöður rannsóknarinnar sýndu að bakgrunnur barnanna var mjög svipaður, skipti þá ekki máli hvort barn fór í langtímameðferð eða í vægara úrræði. Hins vegar voru unglíngar sem fóru í langtímameðferð líklegri til þess að búa hjá einstæðu foreldri og til þess að eiga foreldra sem höfðu eingöngu lokið grunnskólaprófi. Einnig voru unglíngar í langtímameðferð líklegri til að vera með mótþróaþrjúskuröskun og að þeim væri lýst sem einstaklingum með mikinn skapofsa. Unglíngar í langtímameðferð voru einnig líklegri til að hafa verið gerendur eineltis, hafa skaðað annan einstakling með ofbeldi og að hafa beitt foreldri sitt ofbeldi. Ásamt því voru unglíngar í langtímameðferð líklegri til þess að eiga við félagslega erfiðleika að stríða og voru birtingarmyndir áhættu hegðunar fleiri

heldur en hjá unglíngum sem fóru í vægari úrræði. Stór hluti unglínganna úr báðum hópum höfðu orðið fyrir vanrækslu og bjuggu við fjárhagserfiðleika (Freydís Jóna Freysteinsdóttir, 2008).

Niðurstöður rannsóknar Freydísar Jónu Freysteinsdóttur (2008) benda til þess að mikilvægt er að gripið sé inn í eins fljótt og hægt er þegar um misbresti í aðbúnaði barns er að ræða og tilkynningar berast um það til barnaverndaryfirvalda. Niðurstöður sýna fram á að foreldrar í þessum aðstæðum eiga erfitt með að styðja við barn, setja því mörk og hafa eftirlit með því. Með markvissri íhlutun og stuðningi við börn og fjölskyldur ætti að vera hægt að koma í veg fyrir að vandi barns þróist áfram og versni, eins og líkan Patterson's sýnir fram á. Mikilvægt er að áhættuþættir séu metnir ítarlega á þeim tíma sem fyrsta tilkynning berst og reglulega þar á eftir þangað til barn kemst á fullorðinsárin.

Elísabet Karlsdóttir og Ásdís A. Arnalds (2012) gerðu könnun þar sem upplifun barna og foreldra á dvöl barnsins á meðferðarheimili var skoðuð. Einnig var athugað hver afdrif barnanna sem dvöldu á meðferðarheimili voru eftir að þau voru komin á fullorðinsár. Þeir einstaklingar sem tóku þátt í könnuninni dvöldu á alls níu meðferðarheimilum á vegum Barna- og fjölskyldustofu, voru þau: Árbót, Berg, Geldingarlækur, Götusmiðjan, Háholt, Hvítárþakki, Jökuldalur, Laugaland og Torfastaðir. Dvöldu börnin á þessum heimilum á árunum 2000 til 2007. Einnig voru tekin viðtöl við börn sem dvöldu á sama tímabili á meðferðardeild Stuðla. Öll heimilin sem talin eru upp voru rekin á grundvelli þjónustusamnings við Barna- og fjölskyldustofu (Elísabet Karlsdóttir og Ásdís A. Arnalds, 2012).

Aðstæður einstaklinganna voru skoðaðar og bornar saman við aðstæður jafnaldra þeirra sem höfðu ekki dvalið á meðferðarheimili sem unglíngar en voru einstaklingarnir nú komnir á fullorðinsárin. Hægt var að sýna fram á að vandi þeirra einstaklinga sem dvöldu á meðferðarheimili sem unglíngar væri fjölþættur. Miðað við jafnaldra þeirra var menntunarstaða einstaklinga sem dvöldu á meðferðarheimili sem unglíngar verri og einnig staða þeirra á atvinnumarkaðinum. Einnig voru þeir einstaklingar sem dvöldu á meðferðarheimili í meira mæli að þiggja opinbera fjárhagsaðstoð og/eða örorkubætur heldur en jafnaldrar þeirra almennt (Elísabet Karlsdóttir og Ásdís A. Arnalds, 2012).

Þegar upplifun þessara einstaklinga af því að dvelja á meðferðarheimili var skoðuð, var hægt að sjá að sú reynsla var almennt jákvæð. Meirihluti viðmælenda upplifðu að

meðferðin hefði hjálpað þeim að takast á við þann vanda sem þau voru að glíma við á unglingsárunum. Hátt hlutfall drengja hafði setið í gæsluvarðhaldi eða fangelsi eftir að dvöl á meðferðarheimili lauk og um helmingur ungmennanna hafði sótt vímuefna meðferð eða aðstoð vegna tilfinningalegra erfiðleika eftir að dvölinni lauk. Frekar lítill hluti unglingsanna naut skipulagðar eftirfylgdar í kjölfar dvalar sinnar á meðferðarheimili en var það einmitt gagnrýni sem kom fram frá foreldrum að eftirmeðferð sé ekki alltaf í boði. Þeir einstaklingar sem höfðu tök á því að fara í eftirmeðferð töldu hana hafa hjálpað sér að takast enn betur á þeim vanda sem þau voru að glíma við (Elísabet Karlsdóttir og Ásdís A. Arnalds, 2012).

Í lok skýrslunnar koma fram nokkrar hugleiðingar um hvað ber að gera til að bæta enn frekar þá meðferð sem í boði er fyrir ungmenni með fjölpættan vanda. Til að mynda nefna höfundar að þróa þarf þétt og kerfisbundið samstarf við foreldra, skóla, réttarkerfi og aðrar stofnanir í samfélaginu sem koma að velferð einstaklinga og fjölskyldna. Einnig kemur fram að bæta þurfi skráningu og utanumhald á upplýsingum um stöðu, þarfir og þau úrræði sem einstök börn og ungmenni fá. Þarf að bæta þetta fyrir börnin og ungmennin sjálf en líka svo hægt sé að sjá, svörtu á hvítu, þær framfarir sem verða hjá einstaklingum og hvort þörf sé á áherslubreytingu í málinu. Höfundar nefna einnig að bæta þurfi bæði ytra og innra eftirlit með starfsemi stofnana þannig að starfsemin verði bæði samfelld og sértæk. Einnig að það þurfi að fylgjast vel með starfsháttum þjónustu og reglulega að framkvæma úttektir á þjónustu ásamt því að hafa skipulagt eftirlit með þjónustu. Í lokin nefna höfundar mikilvægi þess að menntunarkröfur starfsfólks sé framfylgt af stofnunum ásamt því að persónuleg hæfni þeirra sé metin áður en einstaklingar eru ráðnir inn í úrræði (Elísabet Karlsdóttir og Ásdís A. Arnalds., 2012).

2.3 Tölulegur kafli

Í þessum kafla verða tölulegar upplýsingar skoðaðar, til að mynda hversu mörg börn eru í hvaða meðferð eftir aldri. Erfitt reyndist að finna upplýsingar til að hægt væri að bera saman við Norðurlöndin, þar sem upplýsingarnar sem fundnar voru frekar gamlar. Því verður ekki stuðst við neina tölfræði með öðrum Norðurlöndum, einungis verður skoðað hvernig þetta er hérlendis.

Í þeim töflum þar sem skoðaður er mismunandi fjöldi á milli kynja er vert að taka fram að einungis var verið að skoða drengi og stúlkur í þeim skýrslum sem tölulegar

upplýsingarnar voru fengnar. Sú von er að í framtíðar rannsóknum verði einnig skoðað þá einstaklinga sem skilgreina ekki kyn sitt, allaveganna haft það í boði að það sé hægt að velja meira heldur en bara karlkyn eða kvenkyn.

Tafla 1 Fjöldi í meðferð (innskriftir á árinu og frá fyrra ári) – (Eva Dögg Sigurðardóttir og Heiða Björg Pálmadóttir, 2021)

	2018	2019	2020
Fjöldi einstaklinga²	145	140	159
Drengir	91	92	103
Stúlkur	54	48	56
Samtals í öllum úrræðum³	173	162	172
Drengir	101	108	110
Stúlkur	72	54	62
MST	119	115	137
Drengir	78	76	87
Stúlkur	41	39	50
Stuðlar meðferð	31	25	20
Drengir	15	21	14
Stúlkur	16	4	6
Meðferðarheimili⁴	23	22	15
Drengir	8	11	9
Stúlkur	15	11	6

Í þessari töflu er hægt að sjá muninn á milli fjölda drengja og stúlkna í mismunandi úrræðum sem eru ríkisrekin. Hafa ber í huga að fjöldinn sem tekinn er saman í *Samtals í öllum úrræðum* er meiri heldur en fjöldi einstaklinga. Ástæðan fyrir því er að sum börnin fara oft í gegnum úrræðin, þannig að sum börn eru ef til vill talin oftari en einu sinni. Það sem er hvað áhugaverðast í þessari töflu er að sjá hversu mörg börn fóru í meðferð árið

² Telur hvern einstakling aðeins einu sinni, þó hann hafi dvalið í fleiri en einu meðferðarúrræði á árinu

³ Samanlagður fjöldi einstaklinga í MST, á Stuðlum og öðrum meðferðarheimilum, sami einstaklingur getur verið talinn oftari en einu sinni eða jafnoft og hann dvelst í hverju úrræði á árinu

⁴ Lækjarbakki og Laugaland, Háholt var lokað um mitt árið 2017 og því ekki tekið með eftir það

2020, flest af þeim árum sem þessi tafla sýnir. Gæti sú ástæða stafað af því hversu mörg börn fengu MST meðferð, en það voru 137 talsins. Einnig er áhugavert að sjá hversu fáir fara nú á meðferðarheimili eða í meðferð á Stuðla (Eva Dögg Sigurðardóttir og Heiða Björg Pálmadóttir, 2021).

Tafla 2 Innskriftir eftir aldri – (Eva Dögg Sigurðardóttir og Heiða Björg Pálmadóttir, 2021)

	2018	2019	2020
MST	87	77	98
15 ára	27	21	33
16 ára	16	19	23
17 ára	10	6	6
18 ára	2	1	2
Stuðlar meðferð	26	21	17
15 ára	3	4	3
16 ára	9	7	4
17 ára	8	9	6
18 ára	5	1	1
Lokuð deild Stuðla	226	220	153
15 ára	36	33	19
16 ára	58	86	29
17 ára	53	72	67
18 ára	71	21	19
Önnur meðferðarheimili	14	16	11
15 ára	2	2	1
16 ára	5	3	3
17 ára	4	9	6
18 ára	3	1	1

Í þessari töflu er svo hægt að skoða fjölda barna sem fara í meðferð eftir aldri. Það sem er áhugaverðast að sjá í þessari töflu er hvað það eru ótrúlega mörg börn sem fara inn á

lokaða deild Stuðla, en þær tölur komu ekki fram í síðustu töflu. Árin 2018 og 2019 voru yfir 200 börn sem dvöldu inn á lokaðri deild Stuðla, sem er sláandi mikill fjöldi. Heilt yfir voru flestir á aldrinum 16 ára sem dvöldu á lokaðri deild Stuðla. Hins vegar voru 67 börn árið 2020 sem voru 17 ára og 71 barn árið 2018 sem voru 18 ára. Þrátt fyrir að það sé farið að minnka fjöldinn sem fer á meðferðarheimili er greinilegt að það er enn frekar mörg börn sem dvelja á lokaðri deild Stuðla (Eva Dögg Sigurðardóttir og Heiða Björg Pálmadóttir, 2021).

Tafla 3 Ástæður tilkynninga – (Barnaverndarstofa, 2022)

	2019	2020	2022
Vanræksla á börnum	4.759	5.670	5.614
Ofbeldi gegn börnum	2.990	3.765	3.827
Áhættuhegðun barna	3.509	3.554	3.714
Alls	11.344	13.142	13.264

Í þessari töflu er hægt að sjá bæði hversu margar tilkynningar eru á ári og einnig ástæður fyrir tilkynningum. Hægt er að sjá mikla aukningu í tilkynningum frá 2019 til 2022, en áhættuhegðun barna er með fæstu tilkynningarnar af þessum þremur flokkum sem taldir eru upp. Vert er að hafa í huga að það gæti verið að sumar tilkynningarnar séu fyrir sömu börnin, þannig að þessar tölur endurspeglar ekki hvað það eru mörg börn sem eru að sýna af sér áhættuhegðun, heldur einungis hversu margar tilkynningar berast til barnaverndarkerfisins (Barnaverndarstofa, 2022).

Tafla 4 Áhættuhegðun barna, undirflokkar – (Barnaverndarstofa, 2022)

	Drengir			Stúlkur		
	2019	2020	2021	2019	2020	2021
Neysla barns á vímuefnum	464	369	358	268	228	237
Barn stefnir eigin þroska í hættu	733	729	600	514	589	677
Afbrot barns	560	599	559	165	175	215
Barn beitir ofbeldi	485	614	718	138	128	161
Erfiðleikar barns í skóla, skólasókn áfátt	212	142	150	128	106	148
Alls	2.354	2.379	2.333	1.155	1.175	1.381

Áhugaverðast sem hægt er að sjá í þessari töflu er munurinn á fjölda drengja sem sýna af sér áhættuhegðun og fjölda stúlkna sem sýna af sér áhættuhegðun. Það eru miklu fleiri drengir en stúlkur sem sýna áhættuhegðun. Hins vegar er svipaður fjöldi, hvort sem það sé drengur eða stúlka, sem stefna eigin þroska í hættu. Það er þó áhyggjuefni að sjá aukningu í fjölda þeirra sem beita ofbeldi, á það bæði við hjá drengjum og stúlkum (Barnaverndarstofa, 2022).

Tafla 5 Fjöldi barna ráðstafað utan heimilis – (Barnaverndarstofa, 2019)

	2017	2018	2019
Vistheimili	63	69	110
Sambýli/fjölskylduheimili	1	2	0
Einkaheimili (sem starfrækt er allt árið)	32	38	56
Fósturheimili (nýjar ráðstafanir og tímabundnu fóstur breytt í varanlegt fóstur)	127	105	131
Alls	223	214	297

Þessi tafla sýnir fram á hversu mörgum börnum er ráðstafað utan heimilis síns. Áhugavert er að sjá hversu mikill munur er á milli 2018 og 2019 þegar kemur að því að vista börn á vistheimili. Voru einungis 69 börn vistuð á vistheimili 2018 en fór sú tala upp í 110 árið 2019. Sá fjöldi sem þurfti að vista utan heimili síns var nær 300 börn árið 2019 (Barnaverndarstofa, 2019).

3 Lagaumhverfið

Á heimasíðu Umboðsmanns barna (e.d.) er fjallað um réttindi barna í Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna „og ýmsum öðrum íslenskum lögum“. Það er hins vegar ekki nægilega skýrt í þeim lögum hvort þau eiga við um börn sem sýna af sér áhættu hegðun og í því samhengi er einkar áhugavert að skoða hvernig fjallað er um börn sem sýna af sér áhættu hegðun eftir að þau eru orðin sakhæf, eftir að 15 ára aldri er náð. Í reglugerð um sakhæf börn nr. 533/2015 er talað um 15 til 18 ára börn sem vistmenn ef þau eru vistuð á meðferðarheimili vegna áhættu hegðunar sinnar. Þar sem þetta er frekar óheppilegt orðaval verður ekki notað vistmenn hér eftir, heldur einungis talað um einstaklinga á meðferðarheimilum eða vistheimilum sem börn eða unglingar. Skoðað verður hvernig bæta megi orðavalið í öðrum lögum og gera þau skýrari fyrir börn sem sýna af sér áhættu hegðun. Einnig verður skoðað hvernig megi ítreka enn frekar í lögnum að um börn er að ræða en ekki fullorðna glæpamenn.

3.1 Lög um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna nr. 86/2021

Samkvæmt lögum um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna (nr. 86/2021) skulu þeir sem bera ábyrgð á úrræðum sem standa börnum og foreldrum til boða á sviði skóla-, félags- og heilbrigðismála fylgjast með velferð og farsæld barna og foreldra og meta þörf fyrir þjónustu. Þessum aðilum ber að hafa samráð sín á milli til að tryggja að þjónustan sé samfelld og samþætt í þágu velferðar og farsældar barna og foreldra. Einnig eiga þeir að bregðast við þörf barna og foreldra fyrir þjónustu á skilvirkan hátt um leið og þörf krefur. Í lögum um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna (nr. 86/2021) kemur nokkuð vel til hvers er ætlast af þjónustuaðilum en það verður skoðað síðar hvort þjónustuaðilar eru að sinna þessu varðandi börn sem sýna af sér áhættu hegðun.

Í lögum um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna (nr. 86/2021) er farsæld barna skilgreind sem: „...aðstæður sem skapa barni skilyrði til að ná líkamlegum, sálrænum, vitsmunalegum, siðferðilegum og félagslegum þroska og heilsu á eigin forsendum til framtíðar“ (lög um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna nr. 86/2021). Einnig kemur fram að úrræði sem sinna börnum eiga að passa að börn nái að vaxa og dafna í framtíð sinni. Ásamt því eiga þau kerfi sem þjónusta barn og fjölskyldur að tala saman sín á milli til að finna hvaða úrræði á best við þær aðstæður sem eru hjá hverju barni fyrir sig. Þau kerfi sem eiga að tala sín á milli er til að mynda skólakerfið,

félagsmálakerfið og heilbrigðiskerfið (lög um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna nr. 86/2021).

Samkvæmt lögum um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna (nr. 86/2021) er farsældarþjónusta öll sú þjónusta sem mælt er fyrir um að veitt sé á vegum ríkis eða sveitarfélaga. Á þessi þjónusta þátt í að efla og tryggja farsæld barna og skiptist í þrjú stig, eftir því hversu mikil þörf barna og foreldra er. Farið verður yfir hvað er átt við um þjónustu á hverju stigi þjónustu fyrir sig.

3.1.1 Þjónustustig

Þjónusta sem fellur undir fyrsta stigs þjónustu er grunnþjónusta sem er aðgengileg öllum börnum og foreldrum. Þau úrræði sem eru í boði á þessu stigi veita einstaklingsbundinn og snemmtækan stuðning með það markmið að styðja við farsæld barns. Stuðningurinn sem er veittur hér er í samræmi við frummat á þörfum barns (lög um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna nr. 86/2021). Þau úrræði sem eru í boði á fyrsta stigi þjónustu eru úrræði sem veitt eru innan alls skólakerfisins, heilbrigðiskerfisins og félagsþjónustu (Helga Sif Friðjónsdóttir, Margrét Ólafía Tómasdóttir, Auður Axelsdóttir og Hrafnhildur Ýr Erlendsdóttir, 2021).

Úrræði sem eru á öðru stigi þjónustu eru markvissari heldur en á fyrsta stigi, í samræmi við faglegt mat sem gert er varðandi hverjar þarfir barnsins eru. (lög um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna nr. 86/2021). Þannig ef vandi hjá barni er of mikill fyrir úrræði á fyrsta stig færast barnið upp á annað stig þjónustu (Helga Kristinsdóttir, e.d.). Á þessu stigi þjónustu skulu úrræði leitast við að veita markvissari stuðning á grundvelli stuðningsáætlunar um samþætta þjónustu og eftirfylgd (lög um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna nr. 86/2021). Á þessu stigi er, til að mynda, ráðgjafarþjónusta, starfandi sérfræðingar og greiningarteymi (Helga Kristinsdóttir, e.d.).

Á þriðja stigi þjónustu eru úrræði þar sem stuðningur við börnin er enn þá einstaklingsbundnari og sérhæfðari en á fyrri stigum þjónustu. Stuðningurinn er í samræmi við sérhæft og ítarlegt mat, eða greiningu, sem gerð er á þörfum barns. Á þessu stigi þjónustu á þjónustan að vera á grundvelli stuðningsáætlunar um samþætta þjónustu og eftirfylgd (lög um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna nr. 86/2021). Þau

úrræði sem í boði eru til að mynda, úrræði frá Barna- og unglingageðdeild og Ráðgjafar- og greiningarstöð⁵ (Helga Kristinsdóttir, e.d.).

3.2 Barnaverndarlög nr. 80/2002

Í fyrstu grein barnaverndarlaga nr. 80/2002 kemur fram að börn eiga rétt á vernd og umönnun og að þau skuli njóta réttinda í samræmi við aldur og þroska. Það kemur einnig fram að þeir sem hafa umsjón með uppeldi og umönnun barna skulu sýna þeim virðingu og umhyggju (barnaverndarlög nr. 80/2002).

Markmið laganna er meðal annars að tryggja að börn sem stofna heilsu sinni og þroska í hættu fái nauðsynlega aðstoð. Leitast skal við að ná markmiðum þessara laga með því að styðja við fjölskyldur og beita úrræðum til verndar börnum (barnaverndarlög nr. 80/2002). Þessi markmið eiga vel við börn sem sýna áhættuhegðun en þau eru einatt að stofna heilsu sinni og þroska í hættu.

Barnaverndaryfirvöld geta með samþykki ungmennis ákveðið að þær ráðstafanir sem gerðar eru á grundvelli laganna haldist til 20 ára aldurs (barnaverndarlög nr. 80/2002). Þetta þýðir að barn sem dvelur á stofnun eða meðferðarheimili á vegum barnaverndaryfirvalda getur dvalið þar til tvítugs ef það kýs að gera það.

Ef grunur leikur á að sakhæft barn hafi framið brot sem varðað getur þyngri refsingu en tveggja ára fangelsi á að tilkynna það til barnaverndarþjónustu. Með tilkynningunni gefst barnaverndarþjónustunni kostur á að fylgjast með rannsókn málsins. Barnaverndarþjónustan tilkynnir foreldrum barns um slík mál ef hagsmunir barnsins mæla ekki gegn því. Þegar tekin er skýrslu af sakhæfu barni skal gefa fulltrúa barnaverndarþjónustu kost á að vera viðstaddur skýrslutökuna. Þá skiptir ekki máli hvort barnið er mögulegur sakborningur, vitni eða brotþoli, barnið hefur rétt á því að hafa fulltrúa frá barnavernd með sér (barnaverndarlög nr. 80/2002).

Þeir sem stöðu sinnar vegna hafa afskipti af málefnum barna skulu hafa samstarf við barnaverndaryfirvöld. Barnaverndaryfirvöld skulu einnig leitast við að eiga gott samstarf við sömu aðila. Þessum hópi tilheyra starfsmenn skóla en þeim ber að eiga í góðu samstarfi við barnaverndaryfirvöld. Lögreglu og fangelsismálayfirvöldum er einnig skylt að hafa samstarf við barnaverndaryfirvöld og veita þeim aðstoð við úrlausn

⁵ Hét áður Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins

barnaverndarmála ef þörf krefur. Ef lögregla eða fangelsismálayfirvöld hafa mál hjá sér er varðar barn undir 18 ára aldri ber þeim eftir fremsta megni að eiga gott samstarf við barnaverndaryfirvöld (barnaverndarlög nr. 80/2002).

Ef úrræði beinast eingöngu að barni sem er orðið 15 ára er nóg að fá samþykki barnsins fyrir úrræðinu og ekki er nauðsynlegt að leita samþykkis foreldra. Það þýðir ef 15 ára barn sem býr hjá öðru foreldri sínu samþykkir að fara í fóstur er nóg að fá samþykki hjá því foreldri sem það býr hjá (barnaverndarlög nr. 80/2002). Þýðir þetta að ef barn sem er orðið 15 ára samþykkir dvelja á meðferðarheimili er nóg að fá samþykki barnsins. Hins vegar ef það á að senda barn í fóstur er nóg að fá samþykki frá því foreldri sem barnið býr hjá.

Í málum þar sem barnaverndarþjónusta hefur tekið við umsjá eða forsjá barns skal gera skriflega áætlun um trygga umsjá barnsins. Í áætluninni skal koma fram hvers konar vistun er fyrirhuguð, í hve langan tíma og hvert markmiðið með vistuninni er. Einnig skal samþætta þjónustu í þágu farsældar barnsins þannig að öll kerfin vinni saman að farsæld barnsins (barnaverndarlög nr. 80/2002).

Barn sem hefur náð 15 ára aldri skal tilkynna því um stöðu mála sem koma að þeim ásamt því að gefa barni kost á að gæta réttar síns. Í dómsmálum ber barnaverndaryfirvöldum skylda að skipa barni talsmann ef barn er undir 18 ára aldri. Með því að hafa talsmann hefur barn fengið kost á því að vera við þinghöld þegar mál þeirra er tekið fyrir. Gefa skal barni kost á að tjá sig um mál í samræmi við aldur og þroska þess (barnaverndarlög nr. 80/2002).

3.3 Reglugerð um afplánun sakhæfra barna nr. 533/2015

Reglugerð um afplánun sakhæfra barna nr. 533/2015 fjallar um fullnustu óskilorðsbundinna fangelsisdóma þegar börn eru vistuð á heimili á vegum barnaverndaryfirvalda eða í fangelsi á vegum Fangelsismálastofnunar ríkisins. Þessi reglugerð gildir einnig þegar um er að ræða börn á aldrinum 15 til 18 ára sem hafa verið úrskurðuð í gæsluvarðhald. Þar sem talað er um heimili barnaverndaryfirvalda er átt við sérhæfð meðferðarheimili sem rekin eru af Barna- og fjölskyldustofu⁶. (reglugerð um afplánun sakhæfra barna nr. 533/2015).

⁶ Hét áður Barnaverndarstofa

Þegar vista á sakhæft barn í fangelsi þarf að koma mat frá fagaðila um að það sé barninu fyrir bestu. Í því mati þarf að koma fram hvers vegna það er barninu fyrir bestu að vera vistað í fangelsi og vera í samræmi við Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna. Leitast skal við að vista barn í opnu fangelsi og skal barnið njóta forgangs til meðferðar hjá fangelsismálayfirvöldum og barnaverndarnefnd á að fylgjast með líðan barnsins á meðan á afplánun stendur (reglugerð um afplánun sakhæfra barna nr. 533/2015). Einungis eru tvö opin fangelsi á Íslandi, Kvíabryggja og Sogn, þar eru fullorðnir einstaklingar vistaðir (Fangelsismálastofnun ríkisins, e.d.).

Barna- og fjölskyldustofa ber ábyrgð á því að ákveða meðferðarstað fyrir barn og tekur ákvörðun á grundvelli mats þar sem líta skal til meðferðarþarfar, öryggissjónarmiða og lengdar og eðli refsingarinnar. Ávallt skal vera í gildi áætlun um meðferð barns á meðan á afplánun stendur sem meðferðarheimili býr til í samvinnu við þá barnaverndarþjónustu sem fer með mál barnsins. Skal endurskoða meðferðaráætlunina eftir þörfum barnsins og stöðu þess í meðferðinni (reglugerð um afplánun sakhæfra barna nr. 533/2015).

Samkvæmt 6. grein reglugerðar um afplánun sakhæfra barna (nr. 533/2015) hafa meðferðarheimili leyfi til að vista börn í afmörkuðum hluta meðferðarheimilis. Þetta á þó einungis við ef barnið sýnir af sér ógnandi hegðun, er talið hættulegt sjálfu sér eða öðrum, hefur verulega truflandi áhrif á meðferð annarra á heimilinu eða þarfir barnsins krefjast þess. Skal þá vista barnið á stað á meðferðarheimilinu fjarri öðrum börnum. Þetta á þó einungis að nýta ef vægari úrræði hafa ekki komið að gagni. Á meðan vistun af þessu tagi á sér stað skal reglulega meta þörfina fyrir vistunina (símat) á grundvelli áhættuþátta og ástandi barnsins, þar á meðal getu þess og vilja til að taka þátt í almennu meðferðarstarfi heimilisins, og skal aldrei standa lengur yfir en nauðsyn krefur. Dvöl barns í afmörkuðum hluta meðferðarheimilis má ekki vera í refsingarskyni og má ekki hafa áhrif á önnur réttindi barnsins eins og útivist, umgengni, skóla- eða vinnueða stöðu þess í hvatningarkerfi meðferðarheimilisins (reglugerð um afplánun sakhæfra barna nr. 533/2015).

Þegar barn sem er vistað á heimili á vegum Barna- og fjölskyldustofu nær 18 ára aldri skal bjóða því áframhaldandi afplánun á heimilinu, hafi það ekki klárað afplánun sína, og flutt í fangelsi ríkisins ef það þiggur ekki boðið. Einstaklingur getur ekki afplánað í úrræði á vegum Barna- og fjölskyldustofu lengur en til 20 ára aldurs. Ef fullnustu refsingar lýkur

áður en barn verður 18 ára skulu barnaverndarnefnd, Barna- og fjölskyldustofa og meðferðarheimilið sem barnið er vistað á meta í sameiningu hvort rétt sé að vista barnið þar áfram á grundvelli barnaverndarlaga (reglugerð um afplánun sakhæfra barna nr. 533/2015). Samkvæmt þessu getur barnaverndarnefnd ákveðið að barn sem búið er að klára afplánun verði lengur á meðferðarheimilinu.

3.4 Barnalög nr. 76/2003

1. grein barnalaga nr. 76/2003 fjallar um réttindi barna og er sú lagagrein sem hægt er að nýta hvað mest í tengslum við efnistöð ritgerðarinnar. Þar kemur meðal annars fram að „Barn á rétt á að lifa, þroskast og njóta verndar, umönnunar og annarra réttinda í samræmi við aldur sinn og þroska og án mismununar af nokkru tagi...“ (barnalög nr. 76/2003).

Í ljósi þessarar lagagreinar má álykta sem svo að þegar ákvarðanir um málefni barns eru teknar sé það sem er barninu fyrir bestu alltaf í forgangi og sérstaklega ef barn þarf að fara í úrræði vegna áhættuhegðunar. Þegar ákvarðanir af þessu tagi eru teknar er gott að hafa í huga rétt barnsins til að tjá skoðanir varðandi öll þau mál sem það varðar og taka tillit til þessara skoðana í samræmi við aldur og þroska barnsins (barnalög nr. 76/2003).

Það sem barni er fyrir bestu skal alltaf hafa forgang þegar ákvarðanir um málefni þess eru teknar. Einnig á barn rétt á því að láta sínar skoðanir í ljós í öllum málum sem það varðar og skal taka tillit til skoðana þess í samræmi við aldur og þroska (barnalög nr. 76/2003).

3.5 Lög um meðferð sakamála nr. 88/2008

Í lögum um meðferð sakamála nr. 88/2008 eru nokkrar greinar er varða sakhæf börn. Til að mynda kemur fram í 27. grein laganna að ef sakborningur er ólögráða kemur lögráðamaður fram sem fyrirsvarsmaður hans og tekur ákvarðanir fyrir hönd sakbornings í málefnum sem talið er að sakborningurinn hafi ekki skilning á (lög um meðferð sakamála nr. 88/2008).

Það gilda ákveðnar reglur varðandi skýrslutöku sakborninga sem eru undir lögdri. Samkvæmt 61. grein laga um meðferð sakamála (nr. 88/2008) kemur fram að ef ólögráða sakborningur er að fara í skýrslutöku vegna ætlaðs brots sem varðað getur þyngri refsingu

en tveggja ára fangelsi þarf að tilkynna það barnaverndarþjónustu sem getur þá sent fulltrúa sinn til að vera við skýrslutökuna.

Í 95. grein laga um meðferð sakamála (nr. 88/2008) kemur fram að ekki megi úrskurða sakborning yngri en 18 ára í gæsluvarðhald nema ljóst þyki að önnur úrræði komi ekki í stað þess (lög um meðferð sakamála nr. 88/2008).

4 Barnaverndarkerfið

Í þessum kafla verður barnaverndarkerfið í heild sinni skoðað og hvernig hægt er að nýta það þegar kemur að sakhæfum börnum með áhættuhegðun. Það verður byrjað á því að fjalla um Barna- og fjölskyldustofu, hvernig hún starfar og hvaða lög falla undir hana. Því næst verður farið yfir hvernig umdæmisráð sveitarfélaganna virka, hvað þau eru mörg á Íslandi og hvernig þau eru skipulögð. Að lokum verður farið yfir hvernig barnaverndarþjónustunni er háttað í hverju sveitarfélagi fyrir sig.

4.1 Barna- og fjölskyldustofa

Meginhlutverk Barna- og fjölskyldustofu er að veita og styðja við þjónustu í þágu barna, ásamt því að stuðla að gæðapróun í samræmi við bestu þekkingu og reynslu á hverjum tíma (lög um Barna- og fjölskyldustofu nr. 87/2021). Hlutverk Barna- og fjölskyldustofu er einnig að stuðla að því að vinnsla barnaverndarmála sé í samræmi við lög, reglugerðir og leiðbeiningar. Einnig á Barna- og fjölskyldustofa að veita barnaverndarþjónustum liðsinni í fósturmálum, ásamt því að hafa yfirumsjón með vistun barna á heimilum og stofnunum. Barna- og fjölskyldustofa fer einnig með yfirstjórn Barnahúsa (barnaverndarlög nr. 80/2002). Ef barn sinnir afplánun á meðferðarheimili á vegum Barna- og fjölskyldustofu ber stofnuninni að hafa eftirlit með því barni ásamt öðrum börnum sem eru í meðferð á slíku heimili (reglugerð um afplánun sakhæfra barna nr. 533/2015).

Verkefni Barna- og fjölskyldustofu er að veita stuðning við samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna meðal annars með því að gefa út leiðbeiningar, gátlista og annars konar stuðningsefni fyrir þá sem veita börnum samþætta þjónustu. Barna- og fjölskyldustofa gefur einnig út stöðluð eyðublöð og upplýsingar fyrir notendur þjónustunnar og býður upp á reglubundna fræðslu til þeirra sem koma að samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna. Barna- og fjölskyldustofa á einnig að sinna uppbyggingu og yfirstjórn heimila, stofnana og sérhæfðra úrræða fyrir börn. Ásamt því á Barna- og fjölskyldustofa að veita barnaverndarþjónustum og umdæmisráðum barnaverndar leiðbeiningar og ráðgjöf um framkvæmd barnaverndarlaga (lög um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna nr. 86/2021; barnaverndarlög nr. 80/2002).

Barna- og fjölskyldustofu er heimilt að reka sérstakar þjónustumiðstöðvar eða verkefni í því skyni að treysta þverfaglegt samstarf, eflingu og samhæfingu stofnana við meðferð mála á sviði barnaverndar eða þjónustu við börn. Einnig er Barna- og

fjölskyldustofu heimilt að reka sérhæfð úrræði fyrir börn með fjölþættan vanda í samstarfi við önnur yfirvöld, til dæmis á sviði fötlunar-, félags- eða heilbrigðisþjónustu. Barna- og fjölskyldustofa hefur líka heimild til að bjóða barnaverndarþjónustum aðra sérhæfða þjónustu - eins og meðferðarúrræði fyrir börn sem eru utan stofnana - sem hefur það að leiðarljósi að auðvelda barnaverndarþjónustu að sinna lögbundnu hlutverki sínu. Barna- og fjölskyldustofu er heimilt að taka gjald fyrir þessi sérstöku verkefni en gjaldið skal þó aldrei vera hærra en nemur kostnaði við reksturinn, þar með talinn kostnaður vegna launa og þjálfunar starfsfólks og vegna annarra útgjalda sem hljóttast af þjónustunni (barnaverndarlög nr. 80/2002).

4.2 Umdæmisráð

Þann 1. janúar 2023 var barnaverndarlögum (nr. 80/2002) breytt og barnaverndarnefndir sveitarfélaganna felldar niður og umdæmisráð barnaverndar búin til í þeirra stað. Fjögur umdæmisráð voru búin til og skipt niður á sveitarfélögin. Fyrsta umdæmisráðið er fyrir Reykjavík. Næsta umdæmisráð er fyrir Kópavog, Garðabæ, Hafnarfjörð, Mosfellsbæ, Kjósarhrepp og Seltjarnarnes. Þriðja umdæmisráðið er fyrir sveitarfélögin á Suðurnesjum, Reykjanesbær, Suðurnesjabær, Vogar, Grindavík, Árborg, Ásahreppur, Mýrdalshreppur, Rangárþing eystra, Rangárþing ytra og Skaftárhreppur. Síðasta umdæmisráðið heitir umdæmisráð landsbyggðarinnar og er fyrir öll sveitarfélög sem ekki í hinum þremur. Í umdæmisráði Landsbyggðarinnar er Akureyri leiðandi sveitarfélag (Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu, 2022; Dagur B. Eggertsson, 2022; Samningur um rekstur umdæmisráðs barnaverndar fyrir sveitarfélögin á Suðurnesjum og Árborg, 2022; Samningur um rekstur umdæmisráðs Landsbyggða, e.d.).


Í hverju umdæmisráði fyrir sig eru skipaðir þrjú aðilar sem kallast ráðsmenn. Þessir þrjú aðilar eru lögfræðingur, sem jafnframt er formaður ráðsins, sálfræðingur og félagsráðgjafi (Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu, 2022). Í barnaverndarlögum (nr. 80/2002) kemur fram hvernig umdæmisráðin eiga að starfa og hver verkefni þeirra eru. Ráðin vinna sjálfstætt og standa fyrir utan almenna stjórnslu sveitarfélaga. Ráðsmenn umdæmisráða taka ekki við fyrirmælum varðandi meðferð einstakra mála. Umdæmisráð taka ákvarðanir í ákveðnum málum með úrskurði, til að mynda ef beita þarf úrræði án samþykkis foreldra, vista barn utan heimilis ásamt umgengi í fóstri og við vistun.

Einnig gefa umdæmisráð barnaverndarþjónustu heimild til að gera kröfu fyrir dómi um vistun barns í allt að ár og um forsjársviptingu.

4.3 Barnaverndarþjónustan

Í þessum kafla verður skoðað hvernig barnaverndarþjónusta sveitarfélagana virkar. Þessi þjónusta hét áður fyrir barnaverndarnefndir (þingskjal nr. 1221/2020-2021) og eftirfarandi mynd sýnir hvernig skipulagið á barnaverndarnefndunum var en þær voru 27 talsins (sjá mynd 2).

Mynd 2 Barnaverndarnefndir sveitarfélaga (Stjórnarráð Íslands, e.d.)



Í lögum um starf barnaverndarþjónustu kemur fram að beita á þeim ráðstöfum sem taldar eru barni fyrir bestu. Einnig skulu hagsmunir barna ávallt vera hafðir í fyrirrúmi í starfsemi barnaverndarþjónustu. Með starfi sínu á barnaverndarþjónusta að stuðla að stöðugleika í uppvexti barna. Auk þess á barnaverndarþjónusta að leitast við að eiga góða samvinnu við börn og foreldra sem þurfa á þeirra aðstoð að halda og sýna þeim nærgætni og virðingu (barnaverndarlög nr. 80/2002).

Barnaverndarþjónustur skulu leitast við að eiga góða samvinnu sín í milli og við Barna- og fjölskyldustofu, ásamt því að stuðla að samþættingu við önnur kerfi í þágu farsældar barna. Barnaverndarþjónusta á að miða við að vægustu ráðstöfum sé beitt til að ná þeim

markmiðum sem sett eru í máli barns. Aðeins skal gera ráð fyrir íþyngjandi ráðstöfum að lögmæltum markmiðum verði ekki náð með öðru og vægara móti (barnaverndarlög nr. 80/2002).

Þegar barnaverndarþjónusta tekur ákvörðun í máli barns á að veita barni upplýsingar um það á barnvænan hátt og að því marki sem aldur þess og þroski gefur tilefni til. Tryggja skal að barn sem getur myndað sér eigin skoðanir geti komið þeim á framfæri við meðferð máls. Taka á réttmætt tillit til skoðana barns í samræmi við aldur þess og þroska þegar teknar eru ákvarðanir (barnaverndarlög nr. 80/2002).

Sveitarfélög bera ábyrgð á barnavernd og skulu starfrækja barnaverndarþjónustu sem ber ábyrgð á verkefnum og ákvörðunum sem eru ekki falin öðrum. Sveitarstjórn fer með yfirstjórn barnaverndarþjónustu en er heimilt að fela stjórninni fastanefnd með sérstakri samþykkt. Hins vegar er hvorki sveitarstjórn né fastanefnd heimilt að gefa barnaverndarþjónustu fyrirmæli um meðferð einstakra mála. Sveitarstjórn er eingöngu heimilt að afla upplýsinga frá barnaverndarþjónustu sem nauðsynlegar eru fyrir yfirstjórn hennar (barnaverndarlög nr. 80/2002).

Verkefni og ákvarðanir barnaverndarþjónustu eru stundum falin umdæmisráði barnaverndar, dómstólum eða öðrum stjórnvöldum. Barnaverndarþjónusta þarf að hafa næga fagþekkingu til að hún geti sinnt verkefnum sínum. Þeim er þó heimilt að leita aðstoðar sérfræðinga við meðferð barnaverndarmála eftir því sem þörf krefur. Barnaverndarþjónusta ber að heimsækja þau börn reglulega sem vistuð eru á þeirra vegum á heimilum og stofnunum. Ef kemur í ljós að meðferð barnsins er óviðunandi skal barnaverndarþjónusta grípa til viðeigandi ráðstafana vegna barns. Einnig ef aðstæður hafa breyst þannig að ekki sé sýnt að aðbúnaður og öryggi barnsins sé tryggt (barnaverndarlög nr. 80/2002).

5 Úrræði

Úrræði og meðferðir sem eru í boði fyrir sakhæf börn sem sýna áhættuhegðun eru mismunandi og fara tækifæri barnanna til að fá þjónustu mikið eftir því hvort ríki, sveitarfélög eða einkaaðilar bjóði upp á þjónustuna. Til að byrja með verða úrræðin sem eru á vegum ríkis og sveitarfélaga skoðuð og síðar meir þau einkaúrræði sem eru í boði. Fyrst verður farið yfir þær skyldur sem sveitarfélög hafa og hvers konar úrræði þeim ber að reka.

Barnaverndarþjónustur⁷ skulu hafa tiltæk úrræði svo hægt sé að taka á móti börnum, til að tryggja öryggi þeirra, greina hugsanlegan vanda eða til að kanna aðstæður ef grunur er um vanrækslu eða vanhæfni foreldra. Einnig skulu þessi úrræði vera til staðar svo hægt sé að taka á móti barni vegna ófullnægjandi heimilisaðstæðna eða vegna sérstakra þarfa barns. Úrræði sem barnaverndarþjónusta skal hafa tiltæk eru til dæmis vistheimili, sambýli og samningar við einkaheimili um vistun (reglugerð um úrræði á ábyrgð sveitarfélaga samkvæmt ákvæðum barnaverndarlaga nr. 652/2004).

Barnaverndarþjónusta getur falið öðrum aðilum rekstur heimilis eða stofnunar á grundvelli þjónustusamnings (reglugerð um úrræði á ábyrgð sveitarfélaga samkvæmt ákvæðum barnaverndarlaga nr. 652/2004; barnaverndarlög nr. 80/2002). Sveitarstjórn ber ábyrgð á þeim kostnaði sem hlýst af starfi barnaverndarþjónustu, þar á meðal vegna þjónustu sem hún veitir og vegna þeirra úrræða sem barnaverndarþjónustan ber ábyrgð á (reglugerð nr. 652/2004).

Barnaverndarþjónusta skal fylgjast með þeim aðilum sem hafa fengið leyfi eða eru ráðnir til að veita stuðning eða sjá um úrræði á þeirra vegum og tryggja að þeir uppfylli þau skilyrði sem sett eru fram á hverjum tíma. Barnaverndarþjónusta sem ber ábyrgð á ákveðinni ráðstöfun eða þjónustu skal fylgjast með að ráðstöfun nái tilgangi sínum. Það skal meðal annars gert með því að fara í heimsóknir, fá reglubundnar skýrslur og ræða við barnið sem er í ráðstöfuninni (reglugerð nr. 652/2004).

5.1 Úrræði sem Barna- og fjölskyldustofa reka

Barna- og fjölskyldustofu ber að hafa tiltækt sérstakt meðferðarúrræði fyrir börn sem hafa hlotið refsidóma svo hægt sé að veita börnum fullnægjandi meðferð á sama tíma og

⁷ Hétu áður barnaverndarnefndir.

öryggi þeirra og annarra sem dvelja í því meðferðarúrræði er tryggt (reglugerð um afplánun sakhæfra barna nr. 533/2015).

Ráðuneytið⁸ ber ábyrgð á því að í boði séu heimili og stofnanir til að veita börnum móttöku í bráðatilvikum til að tryggja öryggi þeirra og vegna meintra afbrota eða alvarlegra hegðunarerfiðleika, greina vanda barna sem talin eru þurfa sérhæfða meðferð, veita börnum sérhæfða meðferð vegna alvarlegra hegðunarerfiðleika, vímuefnaneyslu og meintra afbrota. Barna- og fjölskyldustofa annast bæði uppbyggingu og rekstur heimila og stofnana sem eiga að vera tiltæk fyrir börn, í umboði ráðuneytisins. Stofnunin getur falið öðrum rekstur heimila og stofnana á grundvelli þjónustusamnings en þau lúta faglegri og fjárhagslegri yfirstjórn Barna- og fjölskyldustofu. Barna- og fjölskyldustofa getur mælt fyrir um tiltekna sérhæfingu heimila og stofnana en hún veitir einnig þeim sem reka heimili og stofnanir fræðslu, leiðbeiningar og almennan faglegan stuðning. Ef einkaaðili rekur heimili eða stofnun á grundvelli þjónustusamnings við Barna- og fjölskyldustofu þarf sá einkaaðili að hafa rekstrarleyfi Gæða- og eftirlitsstofnunar velferðarmála (barnaverndarlög nr. 80/2002).

Áður en tekin er ákvörðun að vista barn á heimili eða stofnun skal barnaverndarþjónusta reyna önnur vægari stuðningsúrræði, nema það sé ljóst að þau komi ekki að gagni. Ef barnaverndarþjónusta kemst að þeirri niðurstöðu að nauðsynlegt sé að vista barn utan heimilis skal velja heimili eða stofnun af kostgæfni og taka tillit til þarfa og hagsmuna barnsins sem í hlut á. Hafi barn tilfinningaleg tengsl við heimili skal það heimili ganga fyrir um vistun ef það uppfyllir skilyrði laganna og ef barnaverndarþjónusta telur að það sé barni fyrir bestu (barnaverndarlög nr. 80/2002).

Barnaverndarþjónusta skal senda beiðni um vistun barns til Barna- og fjölskyldustofu sem metur beiðnina og tekur ákvörðun í samráði við barnaverndarþjónustuna. Barna- og fjölskyldustofa tekur meðal annars ákvörðun um hvaða heimili hentar barni best, hvenær vistun eigi að hefjast og hvenær henni eigi að ljúka. Gerður er skriflegur samningur milli alla málsaðila, foreldra, barnaverndarþjónustu og úrræðisins sem vista á barn í, um vistun barns með þeim upplýsingum sem komu fram hér að framan, sem sagt hvaða heimili, hvenær vistun hefst og hvenær henni á að ljúka. Ef vista á barn á heimili eða stofnun

⁸ Mennta- og barnamálaráðuneytið

barnaverndarþjónustu, þar sem foreldrar hafa afsalað sér forsjá barns eða verið sviptir forsjá barns, ber barnaverndarþjónustu að finna því barni stuðningsfjölskyldu ef vistun er líkleg til að vara lengur en tvo mánuði (barnaverndarlög nr. 80/2002).

Á meðan barn dvelur á heimili eða stofnun skal miða að því að tryggja rétt þess til einkalífs, til að ráða persónulegum högum og til að hafa samskipti við aðra. Hins vegar þarf að hafa í huga aldur og þroska barns og tryggja að þessi réttindi samræmist tilganginum með vistun barnsins. Einnig skal barn vera frjálst ferða sinna innan og utan umráðasvæðis heimilis eða stofnunar þó með þeim takmörkunum sem taldar eru nauðsynlegar barninu með tilliti til öryggis og velferðar barnsins og annarra. Það má banna barni að yfirgefa umráðasvæði heimilis eða stofnunar að því marki sem telst eðlilegt og nauðsynlegt svo að markmið með vistun náist (barnaverndarlög nr. 80/2002).

Í barnaverndarlögum (nr. 80/2002) kemur fram hvað er óheimilt að gera við börn á meðan þau dvelja á heimili eða stofnun. til dæmis er óheimilt að refsa barni líkamlega eða andlega. Það er ekki heimilt að beita þvingunarráðstöfunum eða alvarlegum agaviðurlögum, nema það teljist nauðsynlegt til að ná lögmætum markmiðum, til verndar lífi, heilsu og þroska viðkomandi barns eða annarra barna, lífi og heilsu starfsmanna eða til verndar eignum (barnaverndarlög nr. 80/2002). Finnst mér þetta mjög skrýtin heimild í lögnum, að beita megi þvingunarráðstöfunum til að vernda eignir. Skiljanlegt er að beita þurfi þvingunarráðstöfum þegar lífi eða heilsu einstaklings stafar hættu af athæfi barns, en þarf að skoða þessa heimild þegar kemur að eignum. Einnig er óheimilt að fylgjast með póstsendingum, tölvusamskiptum og símtölum barns nema nauðsyn beri til, meðal annars með tilliti til markmiða vistunar.

Barna- og fjölskyldustofa á að hafa eftirlit með þörf á heimilum og öðrum úrræðum um allt land. Þeim ber að hvetja sveitarfélög til að hafa nauðsynleg úrræði tiltæk ásamt því að aðstoða þau eftir því sem þörf er á. Hvað fjármögnun þessara úrræða varðar þá ber ríkið ábyrgð á kostnaði sem hlýst af starfsemi á vegum Barna- og fjölskyldustofu. Ríkið á sem sagt að setja fjármagn í þau úrræði sem Barna- og fjölskyldustofa eru með (barnaverndarlög nr. 80/2002).

5.1.1 Stuðlar

Stuðlar er meðferðarstöð ríkisins fyrir börn og unglunga á aldrinum 12 til 18 ára og skiptist í fjórar deildir: neyðarvistun Stuðla, meðferðardeild Stuðla, langtímameðferðarheimilið Lækjarbakki og stuðningsheimilið Fannafold (Barna- og fjölskyldustofa, e.d.-c).

Stuðlar standa fyrir: „...umhyggju, öryggi, virðingu og vöxt.“ (Barna- og fjölskyldustofa, e.d.-c). Á Stuðlum er leitast við að sýna hverjum og einum skjólstæðingi vinalegt viðmót og nærgætni, ásamt því að hlúð er að sjálfsvirðingu þeirra. Unnið er skipulega að því að grípa tækifæri fyrir skjólstæðinga að vaxa og dafna þar sem frelsi og ábyrgð haldast í hendur.

Á meðferðardeild Stuðla er rými fyrir sex ungmenni í einu. Almennt er gert ráð fyrir að meðferð standi yfir í um 8 til 12 vikur, þó hvert mál sé metið á eigin forsendum. Á meðan meðferð stendur yfir er stuðst við reglubundna dagskrá ásamt atferlismótandi þrepa- og stigakerfi. Til viðbótar er meðferðin á Stuðlum löguð að þörfum hvers og eins. Í tengslum við einstaklings- og fjölskylduviðtöl, sálfræðiathuganir og úrvinnslu upplýsinga frá meðferðaraðilum og skólum, eiga greining og meðferð að haldast í hendur. Aðferðir barns í samskiptum, líðan og viðhorf til eigin stöðu og bjargráð í fjölskyldu eru skoðaðar á meðan barnið er á meðferðardeild Stuðla. Reynt er að auka félagsfærni, sjálfstjórn og hæfni til að nýta eigin styrkleika í meðferðinni og það er farið í útivist, tómstundir eða íþróttir á hverjum degi. Boðið er upp á nám á Stuðlum sem er á vegum Brúarskóla. Varðandi samskipti foreldra við börn sín á meðan meðferð á sér stað þá eru samskipti þar á milli í meðferðarviðtölum, á heimsóknartímum og í helgarleyfum. Þegar börn fara í helgarleyfi er reynt að yfirfæra árangurinn sem náðst hefur í meðferðinni á heimili þeirra (Barna- og fjölskyldustofa, e.d.-c).

Áður en barn útskrifast af meðferðardeild Stuðla byrjar það hægt og rólega að aðlagast sínu fyrra umhverfi. Í sumum tilfellum kann að vera æskilegt fyrir barn að fara í framhaldi af meðferðinni á Stuðlum í langtímameðferð á meðferðarheimilið Lækjarbakka, stuðningsheimilið Fannafold eða fara í fóstur. Þörf barna fyrir áframhaldandi meðferð er metin í lok meðferðar í samráði við hlutaðeigandi en við lok meðferðar stendur skjólstæðingum stendur til boða sex mánaða eftirfylgni frá stoðteymi Stuðla. Þar er boðið upp á ráðleggingar sálfræðings fyrir skjólstæðing og forráðamenn en auk þess er boðið

upp á ráðgjöf í skóla-, atvinnu- og tómstundamálum frá sérfræðingum í þeim málaflokkum (Barna- og fjölskyldustofa, e.d.-c).

Neyðarvistun Stuðla er bráðaúrræði sem stendur 12 til 18 ára börnum til boða. Hægt er að vista hvert barn að hámarki í fjórtán sólahringa en markmið neyðarvistunar er að hafa vistunartíma ekki lengri en þörf krefur. Barnaverndarþjónustur hafa einar heimild til að vista barn í neyðarvistun. Lögð er áhersla á umhyggju fyrir skjólstæðingum og að tryggja öryggi þeirra í starfsemi neyðarvistunarinnar. Starfsmenn hjá neyðarvistun Stuðla leitast við að sýna vinalegt viðmót og gera vistina eins þægilega fyrir börnin og aðstæður leyfa (Barna- og fjölskyldustofa, e.d.-c).

Meðferðarheimilið Lækjarbakki er langtímameðferðarheimili þar sem hægt er að vista allt að sex skjólstæðinga hverju sinni. Áður en hægt er að fá vist á Lækjarbakka þarf skjólstæðingur að hafa lokið meðferð á meðferðardeild Stuðla. Sérstök áhersla er lögð á virkni skjólstæðinga í tómstundum, skóla eða vinnu. Hugmyndin með meðferðinni á Lækjarbakka er sú að skjólstæðingar verði færari að takast á við áskoranir hefðbundins lífs. Alveg eins og eftir meðferð hjá meðferðardeild Stuðla er boðið upp á sex mánaða eftirfylgd frá stoðteymi Stuðla. Boðið er upp á sömu ráðgjöf og komið hefur fram hér að ofan (Barna- og fjölskyldustofa, e.d.-c).

Síðasta deildin sem fellur undir Stuðla er stuðningsheimilið Fannafold. Þýðst þetta úrræði þeim börnum sem hafa farið í meðferð á meðferðardeild Stuðla, og mögulega í önnur úrræði, en þurfa eftir þá meðferð frekari stuðning sem ekki er hægt að veita heima fyrir. Fannafold getur tekið á móti þremur börnum á sama tíma en þar er lögð áhersla á að byggja börnin upp, auka sjálfstæði þeirra og efla samfélagslega virkni. Miðast starfsemin að því að börnin sæki vinnu eða skóla og stundi tómstundir reglubundið á meðan þau dvelja á Fannafold. Einnig eiga börnin að læra að taka þátt í daglegum heimilisstörfum og bera ábyrgð á þeim skyldum sem falla þar undir. Þegar dvöl barnanna lýkur á Fannafold er metið í samráði við hlutaðeigandi hvað stendur börnunum til boða varðandi búsetu, atvinnu, skóla og tómstundir (Barna- og fjölskyldustofa, e.d.-c).

5.1.2 Meðferðarheimilið Bjargey

Meðferðarheimilið Bjargey er ríkisrekið langtímameðferðarheimili sem ætlað er stúlkum og kynsegin börnum. Geta fjórir til fimm einstaklingar dvalið á heimilinu á sama tíma. Meginmarkmið Bjargeyjar er að veita sérhæfða meðferð vegna alvarlegra

hegðunarerfiðleika, vímuefnaneyslu og meintra afbrota barna. Lögð er áhersla á að búa þeim sem þar dvelja öruggt skjól og meðferð við hæfi (Barna- og fjölskyldustofa, e.d.-c).

Á Bjarney er leitast við að veita þeim sem eru þar í meðferð tækifæri til að vaxa og dafna í heilbrigðu umhverfi. Með meðferðinni er lögð áhersla á einstaklingsmiðaða nálgun sem miðar að þörfum unglinga sem eiga við alvarlegan hegðunarvanda að stríða. Stuðst er við aðferðir sem byggja á atferlismótun, hugrænni atferlismeðferð, áfallamiðuðum stuðningi, þjálfun í félagsfærni, sjálfsstjórn og félagsvænum viðhorfum. Á meðan meðferð stendur er unnið í nánu samstarfi við aðstandendur barnanna þar sem meginmarkmiðið er að aðlaga barnið aftur að heimili forsjáraðila að lokinni meðferð (Barna- og fjölskyldustofa, e.d.-c).

5.1.3 MST

Fjölkerfameðferð (*e. multisystemic therapy*), eða MST eins og þessi meðferð er almennt kölluð, er meðferðarúrræði á vegum Barna- og fjölskyldustofu sem er í boði fyrir fjölskyldur barna á aldrinum 12 til 18 ára sem glíma við alvarlegan hegðunarvanda sem kemur fram í afskiptum lögreglu, erfiðleikum í skóla, ofbeldi og vímuefnanotkun. Telji fjölskylda sig þurfa MST að halda á hún að snúa sér til næstu barnaverndarþjónustu sem metur þörfina og sækir um MST⁹ til Barna- og fjölskyldustofu ef þurfa þykir. Helstu markmið MST eru að barnið búi heima hjá sér, stundi skóla eða vinnu, komist ekki í kast við lögin, noti ekki vímuefni og beiti ekki ofbeldi eða hótunum (Barna- og fjölskyldustofa, e.d.-b).

Meðferðin felst einkum í því að auka færni foreldra til að takast á við vanda barns og snýr að nærumhverfi barnsins. Eftir að Barna- og fjölskyldustofa hefur samþykkt fjölskyldu í MST hittir sérhæfður meðferðaraðili (MST-þerapisti) foreldra og barn og hafa foreldrar aðgang að MST-þerapista til ráðgjafar allan sólarhringinn eftir að hafa verið samþykkt í meðferðina. Stefnt er að því að bæta samskipti innan fjölskyldunnar og tengsl foreldra og skóla (Barna- og fjölskyldustofa, e.d.-b).

Skýr markmið eru sett í samráði við foreldra sem taka mið af vanda barnsins, hvernig megi draga úr vandanum og hvernig megi efla bjargráð foreldra. MST er aðlöguð að hverri fjölskyldu fyrir sig og tekur mið af þörfum fjölskyldunnar. Lögð er áhersla á að finna leiðir

⁹ MST meðferðin tekur 3 mánuði, en í mesta lagi 5 mánuði

sem henta styrkleikum einstaklinga í fjölskyldunni og styrkleika sem hægt er að finna í umhverfinu. Markmið og leiðir sem notaðar eru til að ná þeim eru metin viku til viku ásamt því að meta að hve miklu leyti markmiðum er náð (Barna- og fjölskyldustofa, e.d.-b).

5.1.4 Fósturráðstöfun

Þegar barnaverndarþjónusta felur fósturforeldrum forsjá eða umsjá barns er talað um að setja barn í fóstur. Það geta verið margvíslegar ástæður fyrir því að barn er sett í fóstur og verður nú farið yfir þær ráðstafanir sem þar að lúta og hvernig þær virka.

Ef um tímabundið fóstur er markmiðið að bæta það ástand sem var tilefni fóstursins, innan takmarkaðs tíma, þannig að barnið geti snúið aftur heim. Markmið ráðstöfunarinnar eru ólík þeim sem eiga við um varanlegt fóstur. Reglugerð um fóstur segir að tímabundið fóstur geti staðið í allt að einu ári en lengur í undantekningartilvikum (Barna- og fjölskyldustofa, e.d.-a).

Ef barni er komið fyrir í fóstur þar til það verður sjálfráða er um varanlegt fóstur að ræða. Þegar aðstæður barns kalla á að það alist upp hjá öðrum en foreldrum sínum skal koma því í varanlegt fóstur. Markmiðið með varanlegu fóstur er að tryggja barni viðeigandi uppeldisaðstæður og gefa því tækifæri til að mynda varanleg tengsl við fósturforeldra. Í aðdraganda að varanlegu fóstur er mælt fyrir um reynslutíma sem kallast „reynslufóstur“ í reglugerð um fóstur (Barna- og fjölskyldustofa, e.d.-a).

Síðasta ráðstöfunin sem er í boði er styrkt fóstur en með því er átt við sérstaka umönnun og þjálfun barns á fósturheimili í takmarkaðan tíma þó að hámarki tvö ár. Þau börn sem sett eru í styrkt fóstur eru gjarnan börn sem stríða við íþyngjandi tilfinninga- og hegðunarvanda sem ekki hefur tekist að vinna bug á með öðrum eða vægari hætti. Er gert ráð fyrir að annað fósturforeldrið tileinki sér verkefnið að fullu og hlutverk þess sé metið sem „fullt starf“. Það sem er einkennandi fyrir styrkt fóstur, umfram hefðbundið tímabundið fóstur, eru meðal annars aukið vandastig barns, áhættuhegðun barns, tileinkun fósturforeldra og krafa um samstarf fósturforeldra við aðra aðila svo sem skóla- og heilbrigðisstarfsmenn. Styrkt fóstur krefst einnig aukins samráðs, teymisvinnu, samráðsfunda, aukins eftirlits barnaverndarþjónustu og handleiðslu. Sú umgjörð sem ríkir um ráðstöfunina er hennar helsta sérkenni en ekki lýsing á henni (Barna- og fjölskyldustofa, e.d.-a).

Þegar metið er hvort fóstur eigi að vera styrkt fóstur eða ekki skal miða við að uppfyllt séu skilyrði og ástæður vistunar á heimili eða stofnun og að þarfir barnsins séu þannig að betur fari á því að koma því í fóstur. Skal mál barns hafa hlotið fullnægjandi rannsókn, svo sem af hálfu heilbrigðisstofnunar eins og BUGL¹⁰, sálfræðipjónustu skóla, Stuðla, Ráðgjafar- og greiningarstöðvar ríkisins eða sambærilegrar stofnunar. Þarf matið að sýna fram á að ákvæði 79. grein barnaverndarlaganna¹¹ eigi ekki við (Barna- og fjölskyldustofa, e.d.-a).

Þegar kemur að því að velja fósturforeldra fyrir styrkt fóstur er hugmynd Barna- og fjölskyldustofu að einungis fósturforeldrar með reynslu, menntun og þjálfun veiti börnum styrkt fóstur. Þarfir barns eða aðrar aðstæður geta kallað á aðra lausn fyrir barnið. Umgjörð styrkts fósturs á að vera þannig að fósturforeldrarnir geti unnið að því að mæta þörfum barns sem á við mikinn vanda að stríða. Það á að aðstoða barnið við að ná tökum á vanda sínum, auka hæfni þess á sem flestum sviðum, hjálpa því að nýta sína hæfileika og undirbúa það fyrir sína eigin framtíð. Þannig er fósturheimilið nýtt til að efla félagslega færni, læra sjálfstjórn, læra samskiptareglur, læra að virða mörk og reglur heimilis og hafa uppbyggilega fyrirmynd. Ásamt því getur utanaðkomandi meðferð og þjálfun komið til vegna hegðunar sem krefst sérhæfðrar þekkingar svo hægt sé að fást við hegðunina (Barna- og fjölskyldustofa, e.d.-a).

Fyrir vistun eða fóstur barna á vegum barnaverndaryfirvalda eru ákveðnir staðlar sem eru ætlaðir til að skilgreina kröfur um verklag, bæta gæði umönnunar og meðferðar og treysta öryggi og rétt barna sem eru vistuð utan heimilis. Staðlarnir skilgreina gæðakröfur eða lýsingar á því hvernig vel sé staðið að einstökum verkþætti við vistun barns eða fóstur utan heimilis á vegum barnaverndaryfirvalda (Barna- og fjölskyldustofa, e.d.-a).

Barna- og fjölskyldustofa býður upp á ráðgjöf varðandi fósturmál. Þangað geta einstaklingar leitað til að fá ráðgjöf og upplýsingar um hvort þeir eigi möguleika á að verða fósturforeldrar ásamt því hvernig þeir geti látið meta hæfni sína til að taka barn í fóstur. Ráðgjöf til væntanlegra fósturforeldra felst oft í að veita grunnupplýsingar um hvað fóstur felur í sér. Fósturforeldrar geta leitað ráðgjafar vegna barna sem þeir eru með í fóstri hjá sér, bæði til barnaverndarþjónustu og til Barna- og fjölskyldustofu. Þó aðallega til Barna-

¹⁰ Barna- og unglingageðdeild

¹¹ Fjallar um heimili og stofnanir á ábyrgð ríkisins

og fjölskyldustofu ef fósturforeldrarnir eru ekki sáttir við vinnubrögð þeirra sem sjá um fósturráðstöfunina eða samskipti við þá sem sagt við barnaverndarþjónustu (Barna- og fjölskyldustofa, e.d.-a).

5.2 Vinakot

Einkafyrirtækið Vinakot býður upp á fjölbreytta þjónustu fyrir börn með fjölþættan vanda. Samkvæmt lögum er heimilt að fela einkaaðilum sem reka stofnun eða heimili á grundvelli þjónustusamnings að taka ákvarðanir um takmörkun réttinda og beitingu þvingunarráðstafana samkvæmt þessari grein (barnaverndarlög nr. 80/2002). Barnaverndarþjónustu er einnig heimilt að fela öðrum aðilum rekstur heimilis eða stofnunar á grundvelli þjónustusamnings (reglugerð um úrræði á ábyrgð sveitarfélaga samkvæmt ákvæðum barnaverndarlaga nr. 652/2004).

Starfsemi Vinakots byggist á því að bjóða upp á einstaklingsmiðaða þjónustu sem miðar við þarfir hvers og eins. Vinakot starfar eftir hugmyndafræði sem kallast tengslamyndandi nálgun en þar er lögð áhersla á að vera til staðar fyrir ungmenni. Vinakot vill hjálpa þeim sem til þeirra koma að finna að þau séu mikilvæg fyrir Vinakot og að hjá Vinakoti eigi þau stöðugt heimili. Einnig er lögð áhersla á að vinna í samstarfi við ungmennin, að Vinakot sé örugg höfn fyrir þau og aðstoði þau við tilfinninga- og hegðunarstjórnun í sínu daglega lífi (Vinakot, e.d.-c).

Tengslamyndandi nálgun gerir starfsmönnum kleift að bregðast við krefjandi aðstæðum á hlýjan en gagnreyndan hátt. Fræðsla og handleiðsla frá fagaðilum er notuð svo starfsmenn Vinakots geti nýtt sér tengslamyndandi nálgun í starfi. Starfsemi Vinakots byggist einnig á atferliskerfum þar sem nýtt er jákvæð styrking til að auka hegðun sem gagnast ungmennum í lífinu. Ásamt því er jákvæð styrking notuð til að minnka skaðlega hegðun sem gæti verið til staðar hjá barni. Atferliskerfin eru einstaklingsmiðuð og engin tvö börn sem er í þjónustu Vinakots eru að fylgja sama kerfi (Vinakot, e.d.-c).

Hér verða aðallega skoðuð búsetuúrræðin sem Vinakot býður upp á og hvernig sú þjónusta fer fram. Það kemur fram á heimasíðu Vinakots að þau bjóða upp á heimilisleg búsetuúrræði fyrir börn og ungmenni með fjölþættan vanda. Boðið er upp á langtíma- og skammtímavistun, ásamt hvíldarinnlögnum. Fjölpætti vandinn sem skjólstæðingar Vinakots glíma við getur falið í sér: „...einhverfu, ADHD, hegðunarvanda, geðsjúkdóma, fatlanir, tölvufíkn, sjálfsskaða, tengslavanda, þroskaskerðingu, áhættuhegðun, félagslega

einangrun og bágar uppeldisaðstæður.“ (Vinakot, e.d.-c). Vinakot býður einnig upp á ráðgjöf, fræðslu, einstaklingsviðtöl, hópastarf, heimaráðgjöf og að taka að sér sértæk verkefni (Vinakot, e.d.-c). Vinakot býður líka upp á úrræði sem kallast Skólakot sem er þjónusta fyrir börn og ungmenni með fjölþættan vanda sem eiga erfitt með að fóta sig í hefðbundnu skólaumhverfi. Í Skólakoti er námið persónulegt og nemendamiðað þar sem unnið er með styrkleika og veikleika hvers og eins (Vinakot, e.d.-d). Einnig starfrækir Vinakot frístundarklúbb sem kallast Atlas og er hann fyrir grunnskólabörn á höfuðborgarsvæðinu með fjölþættan vanda. Markmiðið með starfi Atlast er meðal annars að rjúfa félagslega einangrun og efla félagsfærni með skipulögðu tómsundastarfi (Vinakot, e.d.-a).

5.2.1 Búsetuúrræði

Starfrækt eru búsetuúrræði í Vinakoti sem eru ætluð börnum og ungmennum með fjölþættan vanda. Lögð er mikil áhersla á að hafa úrræðin heimilisleg en skjólstæðingar eru með sín eigin herbergi sem þau geta gert persónuleg með aðstoð starfsmanna. Lagt er mikið upp úr því að skjólstæðingar upplifi sig örugga og með heimili hjá Vinakoti. Eins og komið hefur fram vinna þau eftir tengslamyndandi nálgun ásamt því að vinna eftir atferlismótandi kerfum í formi athafnasamninga sem eru mótaðir sérstaklega að hverjum og einum. Byggja samningarnir á dagskipulagi með áherslu á virkni, félagsfærniþjálfun og rúttínu (Vinakot, e.d.-b).

Öll þjónusta Vinakots er einstaklingsmiðuð og er sett upp þjónustuáætlun fyrir hvern þjónustuþega með fagteyminu þeirra í samráði við félagsráðgjafa og forráðamenn. Þeirra markmið er að veita einstaklingum þjálfun í atferli daglegs lífs, auka sjálfstæði þeirra og gefa þeim tækifæri á bættum lífsgæðum og auknum tækifærum (Vinakot, e.d.-b).

Lögð er áhersla á að efla félagsfærni og sjálfsstjórn og að hjálpa þjónustuþegum í að finna og efla sína styrkleika. Er þetta gert með leiðsögn starfsmanna Vinakots. Fagteymi Vinakots kemur að öllum þeirra málum og sér um að setja upp þjónustuáætlun og athafnasamninga í samræmi við þarfir þjónustuþega. Fagteymið sér einnig um að veita starfsmönnum reglulega handleiðslu og er farið yfir mál hvers þjónustuþega í hverri viku þar sem lykilaðilar í málefnum hvers og eins koma saman og fara yfir stöðuna. Mikilvægt er að öll þjónusta Vinakots sé heilðræn og fagleg (Vinakot, e.d.-b).

5.3 Klettabær

Hér verður farið yfir Klettabæ og þá þjónustu sem þau bjóða upp á. Í barnaverndarlögnum (nr. 80/2002) er heimild til þess að fela einkaaðilum að reka stofnun eða heimili en þarf sá rekstur að vera á grundvelli þjónustusamnings (reglugerð nr. 652/2004). Út frá þjónustusamningi geta einkaaðilar tekið ákvarðanir um takmörkun réttinda barna sem dvelja hjá þeim, ásamt því að beita þvingunarráðstöfum ef talin er þörf fyrir það. Einnig þarf einkaaðili sem rekur heimili eða stofnun að hafa rekstrarleyfi frá Gæða- og eftirlitsstofnun velferðarmála (barnaverndarlög nr. 80/2002).

Klettabær býður upp á sérhæfða þjónustu fyrir börn og ungmenni með margþættan vanda. Miðað er að því að mæta hverjum einstaklingi út frá þörfum hans, ásamt því að bjóða upp á eins þroskavænlegt umhverfi og mögulegt er fyrir hvern einstakling. Klettabær starfar eftir hugmyndafræðinni tengslamyndandi nálgun og einblínir á að hafa þjónustu sína einstaklingsmiðaða. Við upphaf þjónustu er gerð þjónustuáætlun í samstarfi við málsaðila þar sem þjónustuþeginn er mikilvægasti aðilinn og tekið er mið af þroska, aldri og aðstæðum hverju sinni þegar kemur að þeirra þátttöku og samvinnu (Klettabær, e.d.-b).

Markmið Klettabæjar með starfinu er að hlúa að þeim verkefnum sem þeim er treyst fyrir og þróa starfsemi sína enn frekar í samráði og samstarfi við málsaðila, verkkaupa og út frá þörfinni í samfélaginu. Klettabær byggir hugmyndafræði sína á tengslamyndandi nálgun. Tengslamyndandi nálgun byggir á fræðum og rannsóknum er varðar tengsl, áföll, taugavísindi og þroska barna. Felst þessi nálgun meðal annars í því að kröfur sem settar eru á barnið fari ekki fram úr forsendum barnsins og stuðli að jákvæðum þroska með sífelldri „fínstillingu“ að núverandi þörfum barnsins. Með þessari nálgun er auðveldara fyrir starfsfólk að fá betri skilning á núverandi hegðun barnsins og þannig hægt að auka líkur á að þörfum barnsins sé mætt á þroskavænlegan hátt. Með því að hafa skilning á orsökum tengslavanda barns eykur það líkurnar á að notaðar séu uppeldisaðferðir sem gagnast og munu ekki valda barninu áframhaldandi skaða (*e. retraumatizing*) (Klettabær, e.d.-b).

Klettabær leitast við að geta sem oftast veitt barninu sem er í þjónustu hjá þeim öryggi, traust, festu og ramma og að skilja hegðun þeirra í tengslamiðuðu samhengi. Með því að hafa þjónustuna með þessum hætti eykur Klettabær líkur á að barn læri að ráða

betur við tilfinningar sínar og hegðun. Það er einnig leitast við að koma fram af vinsemd, virðingu og yfirvegum í krefjandi aðstæðum. Í daglegri vinnu er stuðst við atferlisfræði, notast við dagssamninga, sjónrænt skipulag, þrepakerfi, litakerfi og fleira í samræmi við þarfir hvers og eins og þegar kemur að því að sýna tengslamiðaðan stuðning er einblínt á orsök vandans. Markmiðið með starfinu er að barnið nái að þroskast með því að hjálpa barninu að verða öruggara, tengdara og tilfinningalega stöðugra (Klettabær, e.d.-b).

Klettabær býður upp á sértæka þjónustu fyrir börn og ungmenni og er markmið þeirra með þjónustunni að stuðla að jöfnum tækifærum ungs fólks til þátttöku og lífsgæða í samfélaginu. Klettabær starfrækir sértæk búsetuúrræði til langs og skamms tíma. Einnig er boðið upp á hvíldardvalir ásamt fjölbreyttri og einstaklingsmiðaðri þjónustu í þjónustumiðstöð Klettabæjar og Náms- og starfssetri Klettabæjar, sem er gjarnan kallað NOS (Klettabær, e.d.-c). Verða búsetuúrræði Klettabæjar einungis skoðuð.

5.3.1 Búsetuúrræði

Búsetuúrræðin sem Klettabær býður upp á eru unnin eftir tengslamyndandi nálgun. Notað er atferlismótandi kerfi sem er sérsniðið að barninu og þörfum þess. Einnig er byggt upp dagsskipulag fyrir barnið með áherslu á rútínu, virkni og félagsfærniþjálfun. Áhersla er lögð á að efla félagsfærni, sjálfsstjórn og að styðja barnið í því að nýta sína hæfni, ásamt því að taka þátt í daglegu lífi með leiðsögn frá starfsmönnum Klettabæjar. Markmiðið með þjónustunni er að veita barninu þjálfun í atferli daglegs lífs, auka sjálfstæði þeirra og gefa þeim tækifæri á að bæta lífsgæði sín og tækifæri í lífinu (Klettabær, e.d.-a).

Hjá Klettabæ starfar fagteymi sem kemur að öllum málum sem til þeirra koma. Fagteymið sér meðal annars um að veita stjórnendum og starfsmönnum reglulega handleiðslu ásamt því að setja upp áætlun í samræmi við þarfir hvers barns. Með því að láta teymi halda utan um mál hvers barns, þar sem lykilaðilar í málefnum þess koma reglulega saman og fara yfir stöðuna, nær Klettabær að tryggja að þjónustan sé heildræn og fagleg (Klettabær, e.d.-a).

Búsetuúrræði Klettabæjar bjóða upp á heimilislegt umhverfi og er lagt upp með að barn í búsetu upplifi öryggi og hlýju. Búsetuúrræði Klettabæjar eru ætluð börnum og ungmönnum með margþættan vanda og eru í dag starfrækt fjöldi búsetuúrræða. Búsetuúrræðin eru sérsniðin utan um þau börn sem þar búa og er þjónustan

einstaklingsmiðuð, enda er sett upp einstaklingsbundin þjónustuáætlun fyrir hvern og einn þegar þjónusta hefst (Klettabær, e.d.-a).

5.4 Heilindi

Heilindi er búsetu- og skólaúrræði fyrir börn, ungmenni og fullorðna með ákominn heilaskaða, hegðunarvanda og ungmenni með fjölþættan vanda (Heilindi, e.d.-a; Heilindi, e.d.-c). Heilindi, eins og önnur úrræði sem eru einkarekin, hafa starfsleyfi frá Gæða- og eftirlitsstofnun og er leyfið fyrir þjónustu við börn og fullorðna (Heilindi, e.d.-c). Skilyrði er fyrir úrræði að hafa slíkt leyfi þegar kemur að því að bjóða upp á þjónustu fyrir börn og ungmenni (barnaverndarlög nr. 80/2002).

Búsetuúrræði Heilinda eru til langs og skamms tíma. Megin markhópur þeirra eru ungmenni og fullorðnir með ákominn heilaskaða sem þurfa sértæk úrræði eða einstaklingsmiðaða nálgun og þjónustu. Hins vegar vinna Heilindi einnig með ungmennum með fjölþættan vanda og býður þeim hópi upp á búsetuúrræði, skólaúrræði og frístundarárræði (Heilindi, e.d.-b). Búsetuúrræðin þeirra eru staðsett í nærumhverfi skjólstaðings en er samkomulagsatriði í hverju máli. Í skólaúrræði Heilinda er unnið út frá einstaklingsnámskrá sem er búin til fyrir hvern og einn einstakling. Skólaúrræðið er fyrir börn, ungmenni og fullorðna. Bjóða Heilindi einnig upp á dagþjónustu fyrir alla aldurshópa sem sækja þjónustu til þeirra (Heilindi, e.d.-c). Ekki var hægt að finna fleiri upplýsingar um Heilindi og þá þjónustu sem þau bjóða upp á.

5.5 Vopnabúrið

Vopnabúrið er úrræði sem býður upp á þjónustu fyrir börn og ungmenni. Hins vegar bjóða þau ekki upp á búsetuúrræði heldur er þeirra þjónusta aðeins öðruvísi. Vopnabúrið hefur öll tilskilin leyfi ásamt því að uppfylla allar þær faglegu lágmarkskröfur sem gerðar eru til slíkra úrræða. Vopnabúrið hefur til að mynda starfsleyfi Heilbrigðiseftirlitsins, rekstrarleyfi frá embætti landlæknis og starfsleyfi frá Gæða- og eftirlitsstofnun félagsþjónustu og barnaverndar (Vopnabúrið, e.d.-b).

Úrræðinu er ætlað að mæta einstaklingum, fjölskyldum, börnum og ungmennum sem glíma við fjölþættar áskoranir í lífinu. Þá er sérstaklega litið til þeirra sem eru hvað mest jaðarsettir í samfélaginu. Úrræðið er meðal annars ætlað að mæta ungmennum sem glíma við fíknis- og hegðunarvanda, áhættu- og ofbeldishegðun og skólaforðun og

einstaklingum sem hafa langvarandi stuðningsþarfir. Kveikjan að því að úrræðið var sett á laggirnar var sá veruleiki sem fjölskyldur, börn og ungmenni búa við varðandi langan biðtíma eftir úrræðum og skort á samþættri þjónustu og snemmtækri íhlutun. Ásamt mikilli vöntun á sérsniðum úrræðum fyrir hvern og einn þar sem einstaklingnum er mætt þar sem hann er staddur (Vopnabúrið, e.d.-a).

Starfið hjá Vopnabúrinu er unnið á grundvelli félagsráðgjafar, atferlisfræða, valdeflingar og lausnamiðaðra- og tengslamyndandi nálgana. Fremst í flokki er efling til sjálfshjálpar. Vopnabúrið stendur meðal annars fyrir samþætta þjónustu, snemmtæka íhlutun, forvarnir og skaðaminnkandi áhrif (Vopnabúrið, e.d.-b).

Hjá Vopnabúrinu fer fram meðferðarvinna þar sem unnið er með ýmsar nálganir sem henta hverju sinni. Haft er í forgrunni samvinna við skjólstæðinga þannig að börn og ungmenni eru sjálf við stýrið. Geta þau þannig tekið sínar eigin ákvarðanir til að hafa áhrif á eigið líf. Í starfinu er notast við athafnasamninga eða dagssamninga sem sækja fræðilegan grunn til atferlisfræða. Þetta eru hvatningar- og umbunarkerfi þar sem unnið er með daglegar athafnir skjólstæðinga og fer það eftir þörf hverju sinni hvort slíkt kerfi eigi við. Gera þessir samningar skjólstæðingum kleift að fá umbun fyrir vel unnin störf (Vopnabúrið, e.d.-b).

Í hverju máli fyrir sig er heildarsýn höfð að leiðarljósi. Leitast er við að vinna með þá styrkleika sem hver og einn skjólstæðingur hefur og verða styrkleikarnir rauði þráðurinn í starfinu. Starf Vopnabúrsins horfir ávallt til þess að koma á enn frekara jafnvægi á milli heimilis, skóla og tómstunda. Þar eru grunnþarfir skjólstæðinga svefn, næring, hreyfing og félagsleg virkni fremstar í flokki (Vopnabúrið, e.d.-b).

Vopnabúrið skiptir þjónustu sinni upp í þrjú þjónustustig fyrir skjólstæðinga. Á hverju þjónustustigi er tekið á andlegum þáttum til jafns við líkamlegt heilbrigði en jafnframt er horft til félagslegrar virkni og aukins jafnvægis í daglegu lífi. Þjónustustigin skiptast upp í tómstundir og áhugamál, styrking og inngrip (Vopnabúrið, e.d.). Verður hvert stig fyrir sig nú skoðað betur.

Á stiginu tómstundir og áhugamál geta skjólstæðingar valið sér þá tómstund, áhugamál eða íþrótt sem þau vilja prófa. Ávallt er í boði fyrir skjólstæðing að skipta um það sem hann hefur valið sér ef viðkomandi vill ekki halda áfram með það sem orðið hefur

fyrir valinu. Þá er horft á að sérsníða æfingar- og mataráætlun að hverjum skjólstæðingi og fylgja þeim áætlunum eftir (Vopnabúrið, e.d.-b).

Styrkingarstigið á við þegar þörf er á markvissum stuðningi inn í hverdagslíf skjólstæðinga. Horft er til þess að koma á meira jafnvægi á milli: „...heimili, skóla, félagslífs, vinnu og tómstunda/áhugamála.“ (Vopnabúrið, e.d.). Í tilfellum sem þurfa þjónustu á þessu stigi getur verið um að ræða skjólstæðinga með langvarandi stuðningsþarfir, einstök barnaverndarmál eða einstaklingar með ýmsar greiningar. Þeir skjólstæðingar sem falla undir þjónustustigið styrkingu geta verið farin að sýna merki um: „...skólaforðun, samskiptaörðugleika, fíkní- og/eða hegðunarvanda og sækja í óæskilegan félagsskap...“ (Vopnabúrið, e.d.-b). Í þessum tilfellum er þörf á utanumhaldi bæði heima fyrir og í hversdagsrúttínu (Vopnabúrið, e.d.-b).

Á inngripsstiginu er mikil þörf fyrir aðstoð og utanumhald í hversdagsrúttínu. Í tilvikum sem komin eru á þetta þjónustustig geta skjólstæðingar verið farin að sýna af sér: „...ofbeldisfulla hegðun, virkir í afbrotum, á við fíkní- og/eða hegðunarvanda að stríða, sækir í slæman félagahóp og mætir illa og/eða ekkert í skóla.“ (Vopnabúrið, e.d.-b).

Starfið hjá Vopnabúrinu gengur út frá því að foreldrar, forsjáaraðilar, aðstandendur eða umönnunaraðilar fái ráðgjöf og stuðning í hvívetna, ásamt því að fara í þá meðferðarvinnu sem hverju sinni er verið að vinna í með barninu. Starfið byggir einnig á þverfaglegri samvinnu þar sem haldnir eru reglulegir samráðsfundnir með lykilaðilum og þeim sem koma að málefnum skjólstæðings hverju sinni (Vopnabúrið, e.d.-b).

5.6 Gæða- og eftirlitsstofnun velferðarmála

Gæða- og eftirlitsstofnun velferðarmála¹² (GEV) byggir á grunni Gæða- og eftirlitsstofnunar félagsþjónustu og barnaverndar. GEV tók til starfa í byrjun árs 2022 og tók við Gæða- og eftirlitsstofnun félagsþjónustu og barnaverndar. GEV er óháð í sínum störfum en heyrir stjórnskipulega séð undir Félagsmálaráðuneytið¹³ (Gæða- og eftirlitsstofnun velferðarmála, e.d.-a).

Markmið með starfsemi Gæða- og eftirlitsstofnunar velferðarmála er: „...að sú þjónusta sem lýtur eftirliti stofnunarinnar sé traust, örugg og í samræmi við ákvæði laga,

¹² GEV

¹³ Heitir í dag Félags- og vinnumarkaðsráðuneytið

reglugerða, reglna, samninga og leiðbeininga.“ (lög um Gæða- og eftirlitsstofnun velferðarmála nr. 88/2021).

GEV tók við eftirlitsverkefnum sem Félags- og vinnumarkaðsráðuneytið og Gæða- og eftirlitsstofnun félagsþjónustu og barnaverndar sinntu en tók einnig við tilgreindum eftirlitsverkefnum annarra stofnana, þá sérstaklega eftirlitsverkefnum Barna- og fjölskyldustofu. Eftir að stofnun GEV tók stofnunin við útgáfu leyfa sem Barna- og fjölskyldustofa og Gæða- og eftirlitsstofnun félagsþjónustu og barnaverndar höfðu gert það áður (Gæða- og eftirlitsstofnun velferðarmála, e.d.-a).

Verkefni GEV eru meðal annars að:

...þróa gæðaviðmið á grundvelli bestu mögulegu þekkingar á málaflokkum á verkefnasviði stofnunarinnar, veita rekstrarleyfi og hafa eftirlit með því að skilyrði rekstrarleyfa séu uppfyllt, hafa eftirlit með gæðum þjónustu, taka á móti og vinna úr kvörtunum frá notendum þjónustu, safna upplýsingum, halda skrár og vinna úr upplýsingum frá þeim sem lúta eftirliti stofnunarinnar, sinna öðrum verkefnum sem stofnuninni eru falin samkvæmt ákvörðun ráðherra. (Gæða- og eftirlitsstofnun velferðarmála, e.d.-a).

Allir þeir sem veita þjónustu, sem GEV þarf að hafa eftirlit með, eiga að hafa virkt innra eftirlit. GEV leysir ekki önnur stjórnvöld undan sinni skyldu til eftirlits með starfsemi sem er á vegum stjórnvaldsins, hvort sem sú þjónusta er rekin af stjórnvaldinu eða er þjónusta sem er rekin á grundvelli þjónustusamnings við þriðja aðila (Gæða- og eftirlitsstofnun velferðarmála, e.d.-a).

GEV sinnir eftirliti með þjónustu sem einkaaðilar bjóða upp á fyrir börn og unglunga. Hins vegar hefur aldrei verið gerð úttekt á þjónustu Heilindis og Vopnabúrsins, þrátt fyrir að þessi fyrirtæki séu búin að starfa í nokkur ár og þjónusta börn og unglunga. Einnig var síðast gerð úttekt á búsetuþjónustu Vinakots í nóvember 2019, var það stofnunin sem var á undan GEV. Úttekt fyrir búsetuúrræði og hvíldardvalir Klettabæjar var síðast framkvæmd 28. desember 2021 (Gæða- og eftirlitsstofnun velferðarmála, e.d.-b).

6 Upplýsingaviðtöl

Tekin voru upplýsingaviðtöl við einstaklinga sem þekkja vel til málaflokksins sem ritgerðin fjallar um. Allir viðmælendur voru tilbúnir til að koma fram undir nafni nema einn sem þurfti auk þess að fá spurningarnar sendar til sín þar sem viðmælandi komst ekki í viðtal af persónulegum ástæðum. Öll hin upplýsingaviðtölin voru tekin upp og afrituð. Spurningarnar sem voru spurðar í upplýsingaviðtölunum voru mismunandi eftir viðmælenda, en spurt var alla viðmælendur um þeirra skoðun á barnaverndarkerfinu. Einnig hvað þeir teldu að væri hægt að gera til að sporna gegn því að svo mörg börn þurfi á kerfinu að halda þegar kemur að því að sýna áhættuhegðun.

Haft var samband við einstakling sem lenti í barnaverndarkerfinu sem unglingur. Hins vegar tókst ekki að fá þann einstakling í viðtal. Það er því vert að taka fram að það vantar upplifun og sjónarhorn frá börnunum sjálfum og er þetta einungis sjónarhorn frá starfsfólki ríkis, sveitarfélaga og úrræða.

6.1 Framkvæmdarstjóri farsældarsviðs hjá Barna- og fjölskyldustofu

Páll Ólafsson, framkvæmdastjóri farsældarsviðs Barna- og fjölskyldustofu, kom í viðtal í gegnum samskiptaforritið Teams. Byrjað var á því að spyrja Pál út í það hvort Barna- og fjölskyldustofa væri komin með mælikvarða til að mæla farsæld barna, í kjölfar þess að lög um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna (nr. 86/2021) tóku gildi. Svaraði Páll þeirri spurningu á eftirfarandi hátt: „Þannig það er bara mælieining, þú veist er hægt að mæla það hvursu mörgum börnum [ööö] gengur betur, líður betur...“ (Páll Ólafsson, munnleg heimild, 16. febrúar 2023). Þannig sé Barna- og fjölskyldustofa einnig búin að reikna út að ef 30 börnum er bjargað á næstu áratugum með stuðningi á fyrri stigum þá er búið að greiða allan útlagðan kostnað því það sé svo ótrúlega dýrt að missa börn úr samfélaginu. Hins vegar vildi Páll taka það fram hvað lög nr. 86/2021 snúast í raun um: "... en sko aðalatriðið er að farsældin gengur út á það að maður á að reyna að byrja að vinna fyrr með vanda barnsins...helst náttúrulega að hann byrji aldrei.“ (Páll Ólafsson, munnleg heimild, 16. febrúar 2023). Þannig sé hægt að koma í veg fyrir að börn detti út úr samfélaginu, ef byrjað er að vinna sem fyrst með vanda þeirra svo að hann nái ekki að verða erfiður og flókinn (Páll Ólafsson, munnleg heimild, 16. febrúar 2023).

Páll var síðan spurður út í hvernig innleiðing á lög um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna (nr. 86/2021) væri að ganga. Páll sagði að það væri fimm ára

innleiðingartímabil fyrir sveitarfélögin og að það væri verið að byrja á öðru ári í ferlinu (Páll Ólafsson, munnleg heimild, 16. febrúar 2023).

Samkvæmt Páli er erfiðara að sinna máli hjá barni sem er eldra en 15 ára en hjá barni undir 15 ára aldri. Stafar það meðal annars af því að það er erfitt að koma inn í líf barns sem er búíð að búa lengi við vanrækslu, ofbeldi eða einhvers konar annan vanda. Þar sem barn er búíð að búa lengi við vanda getur verið að vandinn hafi stækkað, sé orðinn flóknari, og að vandinn sé búinn að hafa meiri áhrif á líf barnsins. Hægt er að koma í veg fyrir að vandi barnanna vaxi og verði alvarlegur með því að grípa fyrir inn í líf barnanna og vinna með vandann. Það sem flækir málið líka þegar börn eldri en 15 ára eiga í hlut er að það eru ekki margir fósturforeldrar sem vilja taka eldri börn að sér, sérstaklega ekki ef þau eru að kljást við alvarlega hegðunarerfiðleika eða vímuefnavanda. Auk þess getur það reynst erfitt fyrir börn sem þurfa að fara af heimili sínu til að fara á meðferðarheimili eða önnur vistheimili. Páll telur að þess vegna séu úrræði eins og MST mikilvægt því þar sé hægt að hjálpa foreldrum að ná tökum á vanda barnsins heima fyrir. Hann nefndi líka að hafa verði í huga að þegar unglingur eigi í hlut sé mikilvægt að allir sem að málinu koma sendi sömu skilaboð, vinni í sömu átt, tali eins við hann og viti hvernig á að bregðast við ef eitthvað kemur upp á (Páll Ólafsson, munnleg heimild, 16. febrúar 2023).

Páll var næst spurður út í þann ágreining sem er á milli ríkis og sveitarfélaga um hvort ríki eða sveitarfélög beri ábyrgð á úrræðum fyrir börn. Að hans áliti á ríkið að sjá um þau börn sem þurfa á meðferð að halda vegna fíkniefna- eða hegðunarvanda en sveitarfélögin eigi að sjá um þau börn sem geta ekki búíð heima hjá sér og bjóða upp á vistheimili fyrir þau, einnig fyrir þau börn sem þurfa á varanlegri búsetu að halda. Þrátt fyrir að það standi í lögunum að sveitarfélögin eigi að hafa vistheimili í boði fyrir börn sem þurfa á því að halda er Reykjavíkurborg eina sveitarfélagið sem er með slíkt vistheimili. Hin sveitarfélögin hafa sett upp neyðarheimili, gert neyðarsamninga við fjölskyldur eða gert samninga við einkafyrirtæki. Sagðist Páll halda að um 30 til 40 börn færu í þjónustu til einkafyrirtækja á hverju ári. Þrátt fyrir þá góðu vinnu sem einkafyrirtækin hafa innt af hendi segir Páll að Barna- og fjölskyldustofa vilji að öll vistun barna utan heimila sé á vegum ríkisins þannig að hægt sé að samnýta mannskap og þekkingu. Páll nefndi enn fremur að það þarf mikið utanumhald og mikið fjármagn til að reka úrræðin og ef ríkið sæi um reksturinn væri hægt að hafa betri yfirsýn yfir allt kerfið. Eins og staðan er í dag

hefur Barna- og fjölskyldustofa áhyggjur af því að það séu börn í þjónustu hjá einkafyrirtækjunum sem ættu ef til vill ekki að vera þar, heldur ættu þau frekar að vera í öryggisvistun og fá meira utanumhald (Páll Ólafsson, munnleg heimild, 16. febrúar 2023).

Páll nefndi einnig að Barna- og fjölskyldustofa stefni að því að samþætta sína þjónustu betur þannig að tíminn sé betur nýttur á meðan börnin eru í þjónustu hjá þeim. Þannig að ef barn er í fóstri fær það aðstoð við að vinna úr sínum áföllum og á sama tíma sé verið að aðstoða foreldrana við að vinna með sín vandamál (Páll Ólafsson, munnleg heimild, 16. febrúar 2023).

Að lokum var Páll spurður út í hvernig það gengur fyrir sig ef barn þarf að sitja í gæsluvarðhaldi. Samkvæmt Páli er ekki hægt að flokka gæsluvarðhald barna sem einangrun eins og kemur fram í skýrslu frá *Amnesty International*. Samkvæmt þeirri skýrslu kemur fram að á árunum 2012 til 2021 hafi tíu börn á aldrinum 15 til 17 ára setið í einangrun (Amnesty International, 2023). Páll sagði einnig að börn fái ekki fangelsisdóma hér á landi en ef til þess kæmi að barn fengi fangelsisdóm þá er samningur á milli Barna- og fjölskyldustofu og Fangelsismálastofnunar þannig að börn sem fá fangelsisdóm geta tekið sína refsingu út á meðferðarheimilum Barna- og fjölskyldustofu. Páll sagði enn fremur að ef barn þyrfti að sitja í gæsluvarðhaldi gæti það gert það á Stuðlum (Páll Ólafsson, munnleg heimild, 16. febrúar 2023).

Páll var spurður út í reglugerð um afplánun sakhæfra barna (nr. 533/2015) þar sem talað er um börn á meðferðarheimilum sem „vistmenn“. Um það hafði Páll þetta að segja: „...þetta er náttúrulega bara ömurlegt nafn...þetta eru náttúrulega bara börn sko. Og við köllum þetta ekki vistmenn...þetta er örugglega eitthvað gamalt orð sem að hefur bara heldur bara áfram að vera til.“ (Páll Ólafsson, munnleg heimild, 16. febrúar 2023).

Páll nefndi einnig að þau hjá Barna- og fjölskyldustofu tali ekki heldur um gerendur:

...við erum einmitt alltaf að ítreka það að þetta eru bara börn og við tölum ekki um gerendur í kynferðisbrotamálum, við tölum ekki um gerendur í ofbeldismálum, við tölum um börn sem sýna af sér óæskilega eða óviðeigandi hegðun. Og börnin á meðferðarheimilum eru bara börn inn á meðferðarheimilum. Þau eru ekki vistmenn...eða fangar...alls ekki... (Páll Ólafsson, munnleg heimild, 16. febrúar 2023).

6.2 Félagsráðgjafi hjá sveitarfélagi

Til að fá betri innsýn í stöðu félagsráðgjafar innan barnaverndarkerfisins og hvernig félagsráðgjafar koma að barnaverndarmálum var tekið viðtal Önnu Eygló Karlsdóttur

félagsráðgjafi en hún starfar sem deildarstjóri barnaverndarþjónustu Garðabæjar. Þar áður starfaði hún sem deildarstjóri barnaverndarþjónustu Kópavogs í rúm þrettán ár. Eitt af hennar verkefnum sem deildarstjóri barnaverndarþjónustu er að tryggja farveg þeirra mála sem koma til þeirra. Anna nefndi það að félagsráðgjafi haldi alltaf utan um barnaverndarmál og að það fari ákveðið ferli í gang um leið og tilkynning berst til barnaverndarþjónustu. Þarf að byrja á því að meta hvort verið er að fara í könnun á máli eða ekki. Byggist það mat meðal annars á tegund tilkynningar:

...ef þetta er fyrsta tilkynning um þú veist þjófnað...að þá kannski bara gerum við ekki neitt nema senda foreldrum bréf og upplýsa þau. En ef fyrsta tilkynning er bara neysla...að þá er oftast ákveðið að hefja könnun og þá fer í rauninni þetta ferli í gang að foreldrar eru boðaðir [í viðtal] og talað við barnið og aflað upplýsinga frá skóla og svona reynt að ná saman hvað er að gerast í lífi barnsins. (Anna Eygló Karlsdóttir, munnleg heimild, 4. apríl 2023).

Þegar búið er að ákveða að kanna eigi mál barns eftir tilkynningu hefur barnaverndarþjónusta þrjá mánuði til þess að kanna málið, í mesta lagi fjóra. Nefnir Anna að á þessu tímabili, þar sem verið er að kanna mál, geta borist fleiri tilkynningar sem þarf þá að taka með í könnunina. Svo þegar búið er að kanna málið er gerð greinargerð um málið þar sem fram koma eftirfarandi upplýsingar: „...hvað sögðu allir sem talað var við og hvað kom fram í skriflegu upplýsingunum og hvað margar tilkynningar hafa borist.“ (Anna Eygló Karlsdóttir, munnleg heimild, 16. febrúar 2023).

Í framhaldinu af greinargerðinni er ákveðið hvort barnaverndarþjónusta lokar málinu eða hvort vinna eigi áfram með málið. Ef ákveðið er að vinna áfram með málið þarf:

„...að gera svona áætlun um meðferð máls...ef að vandinn er orðinn það mikill að hérna þá kannski er hægt að sækja strax um MST...[ef alvarleiki vandans er ekki] alveg uppfylltur í það að þá er kannski byrjað á svona persónulegum ráðgjafa eða morgunhana til að hjálpa [börnunum] að mæta í skólann, eða einhverjum til að fara með í ræktina, mögulega sálfræðiviðtöl...svo bara séð, dugar það, eða heldur [vandinn] áfram. Og þá er kannski komið inn með MST. Þannig þetta er alltaf mat, byrjað á vægum úrræðum og svo [aukið við stuðninginn] ef ekkert gengur (Anna Eygló Karlsdóttir, munnleg heimild, 4. apríl 2023).

Því næst var Anna spurð út í hennar mat á því hvernig kerfið tekur á móti börnum sem sýna af sér áhættuhegðun og metur hún það svo að til séu fullt af úrræðum en að það vanti fjölbreyttari og sérhæfðari úrræði fyrir þau börn sem eiga í alvarlegasta vandanum. Sem félagsráðgjafi í barnaverndarkerfinu upplifir hún úrræðaskort hjá ríki og

sveitarfélögum og að þess vegna hafi einkarekin úrræði orðið til. Anna telur þau úrræði sem eru í boði í dag ekki duga til og myndi hún vilja sjá sambærileg og einkafyrirtækin reka, nema bara með aðkomu og eftirliti frá ríkinu. Jafnvel þó að þau fyrirtæki sem eru til í dag myndu halda sinni þjónustu áfram nema bara með aðkomu og eftirliti frá ríkinu. Einnig finnst Önnu að það þyrfti að vera sterkara vímuefnaúrræði í boði fyrir þau einstöku börn sem þurfa á því að halda (Anna Eygló Karlsdóttir, munnleg heimild, 4. apríl 2023).

Í lokin var Anna spurð út í hvað hún telji að geti komið í veg fyrir að börn sem sýna af sér áhættuhegðun taki þann vanda með sér í fullorðinsárin. Hún telur að til að koma í veg fyrir það þurfi sterk og góð úrræði þar sem er mikil fjölskylduvinna. Það eigi ekki bara að taka börnin út af heimilinu, koma þeim fyrir á einhverjum stað sem á að laga þau og telja að það geri allt betra. Úrræðin þurfa að vinna með alla fjölskylduna, í eins langan tíma og hver fjölskylda þarf. Anna upplifir úrræðin sem í boði eru sem mjög kostnaðarsöm og tímaramminn sem þau hafa fyrir meðferð barnanna sé of lítill. Börnin hafi bara ákveðinn mikinn tíma til þess að ná árangri og svo þarf að útskrifa þau. Hins vegar tekur Anna fram að ef þörf krefur þá er möguleiki á að framlengja meðferð. Anna telur ennfremur að það þurfi að setja úrræði þannig upp að þau geti boðið upp á sveigjanleika sem sumir einstaklingar þurfa (Anna Eygló Karlsdóttir, munnleg heimild, 4. apríl 2023).

6.3 Rekstraraðili einkarekins úrræðis

Til að fá sjónarhorn rekstraraðila einkarekins úrræðis var tekið viðtal við Björn M. Sveinbjörnsson Brink, framkvæmdastjóri Vopnabúrsins. Björn hefur verið að taka að sér þriðja stigs mál þar sem gerður er þjónustusamningur við barnaverndarþjónustu. Foreldrar hafa haft beint samband við Vopnabúrið og gert samninga við þau um þjónustu og segist Björn vera opinn fyrir slíkum samningum. Einnig hefur stuðningsþjónusta sveitarfélaganna gert samninga við Vopnabúrið. Björn vonast til að Vopnabúrið muni á endanum verða snemmtæk íhlutun og þannig sé hægt að vinna með vanda barnanna áður en hann verður eins flókinn og hann er í raun orðinn þegar þau koma í þjónustu til Vopnabúrsins. Vonar hann að með þjónustu Vopnabúrsins og með því að bjóða upp á snemmtæka íhlutun verði hægt að fækka alvarlegustu málunum jafnt og þétt (Björn M. Sveinbjörnsson Brink, munnleg heimild, 27. mars 2023).

Næst var Björn spurður út í hvert markmiðið er með vinnu Vopnabúrsins. Björn talaði um að þau reyni að vinna með og kveikja áhuga hjá börnum sem eru með einhvers konar

vanda. Sem sagt að reyna finna þessum börnum einhvern farveg, hvort sem það er í frístundum, tómstundum eða áhugamálum og finna grunninn í styrkleikum og vinna með grunn einstaklinga. Vopnabúrið einblínir á styrkleikana og reyna þau að nýta sér þá til framdráttar í gegnum leik, starf, áhugamál og fleira. Vopnabúrið reynir að finna tómstundir sem börnin hafa gaman að og ýta þannig undir löngun hjá viðkomandi til að fara að mæta betur í skólann og jafnvel fara að hugsa um sjálfan sig. Í vinnunni með börnunum er einblínt á grunnildin svefn, næringu og hreyfingu (Björn M. Sveinbjörnsson Brink, munnleg heimild, 27. mars 2023)

Þau börn sem helst sækja þjónustu til Vopnabúrsins eru börn sem eru félagslega einangruð, glíma við hegðunar- og vímuefnavanda eða eru með einhverfu eða ADHD. Flest börnin sem koma í þjónustu til þeirra núna eru að kljást við skólaforðun. Nefndi Björn þó að það væru fleiri þjónustunotendur sem koma til þeirra sem sýna ofbeldishegðun (Björn M. Sveinbjörnsson Brink, munnleg heimild, 27. mars 2023)

Björn var spurður út í hvernig starfið er byggt upp hjá Vopnabúrinu og svaraði hann því á þann veg að starfið miðist við meðferðarvinnu. Vopnabúrið býður upp á samtals- og viðtalsmeðferð en í gegnum þá meðferð er verið að kalla fram betri líðan, bæði andlega og líkamlega. Markmiðið er að kveikja áhuga barnanna á því stunda íþróttir, nám eða hvað annað sem þau hafa áhuga á. Einnig er reynt að ýta undir að börnin geri hluti á eigin forsendum, þannig að þau séu í skóla á sínum eigin forsendum en ekki af því að foreldrar þeirra vilja það (Björn M. Sveinbjörnsson Brink, munnleg heimild, 27. mars 2023).

Björn var spurður út í það hver kveikjan var að því að stofna Vopnabúrið. Ein af kveikjunum sagði hann vera þegar hann starfaði sem félagsráðgjafi hjá barnaverndarþjónustu og upplifiði það að lenda á vegg hvað varðar biðlista eftir úrræði. Byrjaði hann á því að einblína á börnin sem enginn vildi tala við: „...þessi eldhnöttur sem að enginn vildi, í raun og veru köstuðu allir bara á milli sín, hver á að taka þennan bolta?“. Björn velti því fyrir sér af hverju barn sem var að fara inn og út af Stuðlum var ekki í einhverju virkniúrræði yfir daginn. Það var þessi biðtími og skortur á sérsniðnum úrræðum sem taka mið af hverjum einstaklingi sem voru kveikjan að því að hann ákvað að stofna sitt eigið úrræði (Björn M. Sveinbjörnsson Brink, munnleg heimild, 27. mars 2023)

Því næst var Björn spurður út í hvort hann væri að mæla árangur. Björn hefur verið að nota ASEBA matslista síðan hann byrjaði með úrræðið þar sem foreldrar svara spurningum fyrir og eftir að barnið tekur þátt í úrræðinu. Út frá þessum matslistum getur Björn sýnt fram á að öll þau börn sem hafa fengið þjónustu hjá þeim ná árangri. Áberandi er betri líðan, meiri virkni, meira frumkvæði, færri atvik heima fyrir og í skólanum líka (Björn M. Sveinbjörnsson Brink, munnleg heimild, 27. mars 2023).

Síðasta spurningin sem lögð var fyrir Björn varðar hans upplifun varðandi var að bakgrunn barnanna sem koma í þjónustu til hans. Hann upplifir það svo að bakgrunnur barnanna sem koma til þeirra sé oft þannig að félagslegar aðstæður heima fyrir bjóða ekki upp á ákveðna styrkingu og að það vanti samveru foreldra og barna. Oft sé eins og foreldrarnir hafi ekki tíma fyrir börnin sín eða vilji ekki gera það sem þarf til að bæta aðstæðurnar heima fyrir. Foreldrarnir virðast halda að Vopnabúrið geti tekið barnið og lagað það þannig að því líði betur en svo er allt í molum heima fyrir ennþá. Þannig að hegðun barnanna er í raun viðbrögð við þeirra aðstæðum (Björn M. Sveinbjörnsson Brink, munnleg heimild, 27. mars 2023).

6.4 Fyrrum starfsmaður Stuðla

Fyrrum starfsmaður Stuðla samþykkti að koma í viðtal en vildi ekki vera nafngreindur og verður hér eftir kallaður Ari. Einnig hafði viðmælandinn ekki tök á því að mæta í viðtalið og því var spurningalistinn sendur á hann, viðmælandi svaraði spurningunum og sendi svörin til baka. Hér verður því skoðað hvernig þessi viðmælandi svaraði spurningunum sem lagðar voru fyrir hann. Vert er að taka fram að viðmælandinn gat ekki svarað öllum spurningum þar sem hann er enn bundinn trúnaði en hann svaraði langflestum spurningunum (Ari, munnleg heimild, 15. mars 2023).

Viðmælandinn hafði unnið á Stuðlum í rúm sjö ár og var spurður að því í byrjun hvort hann hefði fengið þjálfun áður en hann hóf störf á Stuðlum þar sem hann sagðist ekki hafa fengið. Upplifun viðmælandans af því að starfa á Stuðlum var að þetta væri góður og samheldinn vinnustaður. Upplifði viðmælandinn það sem svo að farið væri eftir ákveðnum ramma þar sem setja þarf börnunum mörk en á sama tíma verið að sýna þeim hlýju og umhyggju. Að mati viðmælandans þarf að meta hvert mál fyrir sig og vinna út frá því hverjar þarfir barnsins eru. Hins vegar fá starfsmenn Stuðla oft ekki verklag áður en

barn kemur inn á Stuðla en viðeigandi barnavernd sem gefur þeim upplýsingar um skjólstæðinga (Ari, munnleg heimild, 15. mars 2023).

Varðandi aðstöðuna á Stuðlum sagði viðmælandinn að þar væri snyrtimennska í fyrirrúmi, og að börnin fái góðan mat þar sem það er kokkur sem sér um eldamenskuna. Þar er sjónvarp, líkamsrækt, bókasafn, tölvuleikir og fleira og að hans mati er heimilislegt að koma þarna inn. Hann gat þó ekki tjáð sig nánar um aðstöðuna og gat því ekki svarað því hvort hver og einn væri með sér herbergi, hvernig aðstaðan er í neyðarvistuninni og hvort það séu lásar á hurðunum. Viðmælandinn gat því ekki svarað því hvort neyðarvistunargangurinn sé í raun gamall fangaklefi (Ari, munnleg heimild, 15. mars 2023).

Börnin sem vistuð eru á Stuðlum eru undir eftirliti en það er metið fyrir hvert barn hversu mikið eftirlitið þarf að vera. Á meðferðardeildinni mega þau umgangast hvert annað. Á meðan viðmælandinn starfaði á Stuðlum kom upp eitt og eitt atvik þar sem þau náðu að smygla inn vímuefnum en það var mjög sjaldgæft. Taldi viðmælandinn það fyrst og fremst stafa af því að starfsmenn Stuðla mega ekki leita mikið á börnunum sem þar dvelja. Starfsmenn Stuðla vita ekki hver bakgrunnur barnanna er og vita því ekki hverjar aðstæður þeirra eru heima fyrir. Hins vegar ef að aðstæður bjóða upp á það geta foreldrar komið í heimsókn og segir viðmælandi það yfirleitt ekki hafa verið vandamál (Ari, munnleg heimild, 15. mars 2023).

Viðmælandinn segir það yfirleitt vera blöndu neyslu, afbrota, ofbeldis og hegðunarvanda sem leiðir til þess að börn eru vistuð á Stuðlum. Þó sé algengara að börnin séu í neyslu og þannig fylgi hin áhættuhegðunin með. Börnin eru yfirleitt dottin úr skóla eða hafa upplifað einhvers konar vandamál í skóla. Segir viðmælandinn að það sé kennari á Stuðlum og kenni þeim sem eru vistuð þar. Hins vegar þekkti viðmælandinn það ekki hvað er gert varðandi börn sem komin eru á menntaskólaaldur. Einnig vissi viðmælandinn ekki hvers konar meðferð er boðið upp á, á meðan dvalið er Stuðlum, en hann vissi þó að það væri í boði að hitta sálfræðinga (Ari, munnleg heimild, 15. mars 2023).

Taldi viðmælandinn að mikið af sömu börnunum væru að koma aftur og aftur. Að hans mati þarf að grípa inn í miklu fyrr til að sporna gegn því að börn séu að koma svona oft á Stuðla og reyna að koma þeim í íþróttir og slíta þau frá slæmum félagsskap (Ari, munnleg heimild, 15. mars 2023).

7 Lokaorð

Í þessari ritgerð var fjallað um börn sem sýna af sér áhættuhegðun og eru komin á sakhæfis aldurinn, eru 15 til 18 ára. Byrjað var á því að fara yfir fyrri rannsóknir og kenningar sem eiga við málaflokkinn. Í framhaldi af því var farið yfir þær reglugerðir og lög sem fjalla um hvers konar úrræði og réttindi sem börn sem sýna af sér áhættuhegðun hafa. Því næst var farið yfir hvernig barnaverndarkerfið virkar og hvernig það er sett upp. Eftir það var farið yfir hvaða úrræði eru í boði, bæði ríkisrekin og einkarekin. Í lokin var svo farið yfir upplýsingaviðtölin sem tekin voru.

Fyrri rannsóknir sem skoðaðar voru sýndu fram á að börn sem sýna áhættuhegðun búa yfirleitt við erfiðar aðstæður heima fyrir. Félagslegt taumhald þeirra er oft veikt og því líklegra að þau fari að sýna af sér áhættuhegðun. Rannsóknir sýna fram á að þegar félagslegt taumhald eykst, eins og tengsl foreldra og barna, minnka líkur á áhættuhegðun (Margrét Valdimarsdóttir og Jón Gunnar Bernburg, 2007). Önnur rannsókn sem skoðuð var sýndi fram á að hærrí afbrotatíðni er á meðal unglunga sem búa í hverfum þar sem minni stöðugleiki er á búsetu íbúa (Margrét Valdimarsdóttir, Jón Gunnar Bernburg og Rannveig Þórisdóttir, 2008).

Í samanburðarrannsókn þar sem bornir voru saman unglingar sem fóru í langtímaúrræði og unglingar sem fóru í vægari úrræði hjá barnaverndarkerfinu kom fram að unglingar sem fara í langtímameðferð búa við verri félagslegar aðstæður en aðrir. Til að mynda eru meiri líkur á því að þeir unglingar sem fara í langtímameðferð búi hjá einstæðu foreldra og eigi foreldra sem hafa einungis lokið grunnskólaprófi. Þessi hópur unglunga er líklegri til þess að hafa skaðað annan einstakling með ofbeldi, að hafa beitt foreldri sitt ofbeldi og að hafa verið gerandi eineltis. Niðurstöður rannsóknarinnar sýndu fram á að stór hluti barna og unglunga sem höfðu farið í úrræði á vegum barnaverndarþjónustu höfðu verið vanrækt (Freydís Jóna Freysteinsdóttir, 2008).

Önnur könnun sem gerð var til að kanna afdrif unglunga sem höfðu dvalið á meðferðarheimili sýnir að upplifun þeirra af dvölinni á meðferðarheimilinu var almennt jákvæð. Hins vegar eru þeir einstaklingar sem dvöldu á meðferðarheimili sem unglingar verr settir miðað við jafnaldra sína sem dvöldu ekki á meðferðarheimili á unglingsaldri. Menntunarstaða og staða á atvinnumarkaðinum er verri hjá þeim sem dvöldu á

meðferðarheimili sem unglingar miðað við jafnaldra sem gerðu það ekki (Elísabet Karlsdóttir og Ásdís A. Arnalds, 2012).

Það virðist vera samhengi á milli tilkynninga vegna ofbeldis eða vanrækslu gegn börnum því að á sama tíma og fjöldi slíkra tilkynninga til barnaverndarþjónustu eykst, fjölgar tilkynningum vegna áhættuhegðunar barna. Er nú svo komið að mörg börn þurfa á meðferð að halda vegna áhættuhegðunar sinnar. Þegar tölfræðileg gögn voru skoðuð stóð mest upp úr hversu margir fara í gegnum lokuðu deild Stuðla á ári. Vissulega gerist það oft að einstaklingur fer oft en einu sinni í gegnum en að meðaltali fara 200 börn þar í gegnum hvert ár. Auk þess voru hátt í 300 börn vistuð utan heimilis síns árið 2019 (Barnaverndarstofa, 2019).

Lög og reglugerðir sem fjalla um réttindi barna og unglunga sem hafa náð sakhæfisaldri eru ekki mörg en eru þó nokkur. Barn hefur rétt á að biðja um að vera vistað í úrræði í lengri tíma en til 18 ára aldurs en getur ekki fengið að dvelja í úrræði á vegum ríkisins lengur en til 20 ára aldurs. Þá er átt við fóstur, meðferðarheimili eða annað úrræði þar sem vistun er utan heimilis. Það kemur einnig fram í lögum að barn hefur rétt til þess að lifa, þroskast og njóta verndar og njóta umönnunar og annarra réttinda í samræmi við aldur og þroska (barnaverndarlög nr. 80/2002).

Þau verkefni sem barnaverndarþjónusta á að sinna snúa að því að vernda velferð barna og fjölskyldna þeirra. Eftir að tilkynning hefur borist til barnaverndarþjónustu ber þeim að kanna málið og hafa þau þrjá mánuði, í mesta lagi fjóra, til þess að ákveða hvað skal gera og geta ákveðið að leggja málið niður eða taka það til meðferðar. Það er mat félagsráðgjafa sem tekur við málinu hvers konar úrræði skal nota. Það er því á ábyrgð barnaverndarþjónustu að mál barna fari í réttan farveg (Anna Eygló Karlsdóttir, munnleg heimild, 4. apríl 2023).

Úrræðin sem eru í boði fyrir börn sem sýna af sér áhættuhegðun eru nokkur, einkarekin og ríkisrekin. Þau úrræði sem eru einkarekin bjóða flest upp á þjónustu þar sem börnin geta búið í úrræðunum en þau bjóða líka upp á hvíldardvalir, þjónustu eftir skóla og skólaúrræði. Eina úrræðið sem býður einungis upp á þjónustu eftir skóla er Vopnabúrið en það er einnig eina einkarekna úrræðið sem getur sýnt fram á árangur í starfi með matslistum. Vopnabúrið notar ASEBA matslista en út frá þeim er hægt að sjá

betri líðan og hegðun eftir að hafa verið í úrræðinu. Einnig er ekki hægt að fá upplýsingar um það hjá ríkisreknu úrræðunum hvort notast sé við matslista eða ekki.

Í lokin var farið yfir þau upplýsingaviðtöl sem voru tekin en þar kom mjög skýrt fram að þeir sem starfa innan barnaverndarkerfisins upplifa að grípa þurfi fyrir inn í mál barna til að koma í veg fyrir að vandinn vindi upp á sig og verði erfiðari og flóknari. Einnig eru þeir félagsráðgjafar sem starfa hjá ríki og sveitarfélagi á því að ríkið ætti að sjá um eftirlit .og rekstur þeirra úrræða sem þjónusta börn, þannig eigi einkarekin fyrirtæki ekki að sjá um þessa þjónustu. Hins vegar voru tveir viðmælendur sammála því að úrræðin sem eru í boði eru ekki nógu sérhæfð og henti því ekki öllum börnum. Það vanti meiri sveigjanleika í kerfið svo hægt sé að mæta öllum þeim börnum sem þurfa á hjálp að halda frá barnaverndarkerfinu.

8 Umræða

Barnaverndarkerfið gerir margt vel en eins og með flest annað er margt sem má bæta og þá sérstaklega þegar kemur að úrræðum fyrir sakhæf börn sem sýna af sér áhættuhegðun. Upplýsingaviðtölin sem tekin voru sýndu fram á að það vantar fleiri sértæk úrræði fyrir þennan hóp barna en einnig komu viðmælendur í upplýsingaviðtölunum inn á að það vantar betra eftirlit með þeim úrræðum sem eru einkarekin. Þau voru líka nokkuð sammála um að það væri í raun betra ef ríkið sæi um rekstur á úrræðum þar sem börn eru vistuð utan heimilis. Mér finnst einnig að þessi úrræði sem eru í boði þurfi að geta sýnt fram á að þau bæti stöðu barnanna. Vopnabúrið sýnir fram á árangur með því að fá foreldra til að svara ASEBA matslista. Það þyrfti einnig að gera í öðrum úrræðum, hvort sem þau eru einkarekin eða ríkisrekin.

Annað sem kom greinilega í ljós var að barnaverndarþjónusta þarf að grípa inn í miklu fyrir en það kemur fram í fyrri rannsóknum og upplýsingaviðtölunum sem voru tekin. Vonin er sú að með lögum um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna (nr. 86/2021) verði hægt að grípa inn í fyrir. Þannig muni vandi barna ekki þróast og verða eins alvarlegur og hann getur stundum verið þegar börnin fá loksins aðstoð. Innleiðing á lögum nr 86/2021 (um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna) er ennþá á byrjunarstigi en innleiðingarferlið er fimm ár og 2023 er einungis annað árið. Þannig verður ekki hægt að

sjá hvernig þessi lög (nr. 86/2021) munu bæta barnaverndarkerfið fyrr en innleiðingarferlinu er lokið. Þar sem þessi lög eru enn frekar ný, og ekki enn komið nógu skýrt í ljós hvaða úrræði eru í boði hverju sinni, verður gott að geta nýtt snemmtæka íhlutun, sérstaklega fyrir börn sem sýna af sér áhættuhegðun, og geta til dæmis nýtt úrræði sem eru sérsniðin að börnum í leikskóla. Þannig verður hægt að koma í veg fyrir að vandi þeirra þróist áfram og verði verri en ella.

Fyrri rannsóknir sem voru skoðaðar voru allar í eldri kantinum en það reyndist erfitt að finna nýlegar rannsóknir á sviðinu. Einungis var ein rannsókn sem skoðaði afdrif barna sem dvöldu á meðferðarheimilum sem unglingar og gengi þeirra í lífinu á fullorðinsárum. Í þeirri rannsókn kom fram að miðað við jafnaldra sína, sem dvöldu ekki á meðferðarheimili sem unglingar, standa þeir einstaklingar sem dvöldu á meðferðarheimili hallari fæti í samfélaginu. Þrátt fyrir að þeir sem dvöldu á meðferðarheimili telji þann tíma hafa verið jákvæðan og hafi hjálpað þeim að vinna úr sínum vandamálum þá virðist þá vanta meiri stuðning eftir meðferðina. Foreldrar barna sem dvöldu á meðferðarheimili nefndu það í könnuninni að það vanti eftirfylgni eftir dvöl á meðferðarheimili. Elísabet og Ásdís (2012) nefna einnig að það vanti skráningu og utanumhald á upplýsingum um stöðu, þarfir og úrræði sem börn og ungmenni fá.

Einnig kemur fram í könnun Elísabetar og Ásdísar (2012) að bæta þurfi ytra og innra eftirlit með starfsemi stofnana svo að starfsemin verði samfelld og sértæk. Ásamt því þurfi að framkvæma úttektir á þjónustu ásamt því að hafa reglulegt eftirlit með þjónustuaðilum. Gæða- og eftirlitsstofnun velferðarmála hefur tekið við þessu hlutverki að einhverju leyti en svo virðist sem þau séu ekki að sinna skyldu sinni og gera reglulegar úttektir á þeim stofnunum sem bjóða upp á úrræði fyrir börn og unglinga. Rúm þrjú og hálf ár eru síðan GEV framkvæmdi úttekt á þjónustu Vinakots og eitt og hálf ár síðan úttekt var framkvæmd á þjónustu Klettabæjar. Ennfremur hefur GEV aldrei gert úttekt á þjónustu Heilinda og Vopnabúrsins eða þeim úrræðum sem eru á vegum ríkisins (Gæða- og eftirlitsstofnun velferðarmála, e.d.-b).

Það er skrýtið að hugsa til þess að sá aðili sem rekur úrræði eigi að sinna eftirliti með því líka. Það væri sanngjarnast að GEV myndi sinna eftirliti með öllum þeim úrræðum sem eru í boði í dag, einkareknum sem ríkisreknum. Ekki síst vegna þess að GEV er hlutlaus

þriðji aðili og þannig væri hægt að stuðla að því að úrræðin séu með góð vinnubrögð og tryggja að öll úrræðin séu að vinna eftir sömu reglum og verkferlum.

Það er komið vel inn á réttindi barna í lögum og hvernig koma eigi fram við þau en það vantar að útlista með skýrari hætti hvaða úrræði eru í boði fyrir sakhæf börn með áhættuhegðun. Einnig vantar upplýsingar um hvernig er best að hjálpa foreldrum og fjölskyldum að halda utan um sakhæf börn með áhættuhegðun. Í barnalögum (nr. 76/2003) er komið inn á þann rétt sem börn hafa til að láta skoðanir sínar í ljós í öllum málum sem þau varðar og að tekið sé tillit til skoðana þeirra í samræmi við aldur og þroska. Þegar verið er að taka ákvarðanir um málefni barna sem sýna áhættuhegðun, og eru jafnvel farin að stunda afbrot, er mikilvægt að hafa þetta á bakvið eyrað sérstaklega þar sem einstaklingar sem eru undir 18 ára eru skilgreindir sem börn (barnaverndarlög nr. 80/2002).

Það sem þarf að skoða betur er reglugerð um afplánun sakhæfra barna (nr. 533/2015). Í þeirri reglugerð er talað um börn sem vistuð eru á meðferðarheimilum sem „vistmenn“. Það orðaval er frekar óheppilegt, enda sagði framkvæmdastjóri farsældarsviðs hjá Barna- og fjölskyldustofu að þau séu bara börn. Það kemur líka fram í reglugerðinni að leitast skuli við að vista barn í opnu fangelsi. Er það í þversögn við það sem framkvæmdastjóri farsældarsviðs sagði í viðtalinu sínu en hann sagði að ekkert barn á Íslandi fengi fangelsisdóm og því væri ekkert barn sem færi í fangelsi. Það þarf því að endurskoða þessa reglugerð svo þversagnirnar séu ekki til staðar í barnaverndarkerfinu sjálfu. En það þarf líka að skoða hvort líta megi á lokaða deild Stuðla sem fangaklefa, sérstaklega í ljósi skýrslu *Amnesty International* en þar kemur fram að tíu ungmenni á Íslandi hafi setið í einangrun yfir ákveðið tímabil. Ekki var hægt að staðfesta þetta þar sem fyrrum starfsmaður Stuðla gat ekki tjáð sig um aðstæður inni á lokaðri deild Stuðla.

Í reglugerð um afplánun sakhæfra barna (nr. 533/2015) er einnig fjallað um rétt meðferðarheimila til að vista barn í afmörkuðum hluta meðferðarheimilisins. Það er umhugsunarvert hvernig það er orðað í reglugerðinni en ekki er hægt að lesa annað út úr því en að um einhverskonar einangrun sé að ræða. Það að barn sé sett á sér gang þar sem það hefur ekki samskipti við aðra en starfsmenn meðferðarheimilis verður að teljast frekar undarlegt. Vissulega þarf að meta aðstæður hverju sinni en það hlýtur að vera hægt að finna aðra lausn en að senda barn í einangrun, til dæmis með auknu eftirliti þegar það

er með öðrum börnum. Eins og þegar hefur komið fram sýna rannsóknir að tengslamyndun hefur áhrif á hegðun barna og að sama skapi að einangrun frá venjulegu samfélagi ýtir undir andfélagslega hegðun. Það má því gera ráð fyrir að einangrun ýti undir andfélagslega hegðun og einstaklingurinn komi verr út úr einangrun en hann var fyrir.

Í 95. grein reglugerðar um meðferð sakamála (nr. 88/2008) kemur fram að ekki megi úrskurða einstakling undir lögdri í gæsluvarðhald. Á þessu má þó gera undantekningu ef ljóst þykir að önnur úrræði barnaverndarþjónustu dugi ekki til. Það vakna nokkrar spurningar varðandi þessa grein eins og til dæmis hver tekur ákvörðun um að úrræði barnaverndarkerfisins muni ekki virka og því þurfi að setja barn í gæsluvarðhald. Það þarf líka að skoða vel hvort sakhæfisaldurinn sé ekki of lágur, sérstaklega í ljósi þess að lögin líta svo á að einstaklingur sé barn til 18 ára aldurs. Þannig er verið að setja mikla ábyrgð á herðar barna við 15 ára aldur því þá sé kominn tími til að bera ábyrgð á eigin hegðun.

Að mínu mati vantar að búa til lög sem fjalla einungis um sakhæf börn og hvaða úrræði eiga að vera til staðar, sérstaklega hvernig á að reka þau úrræði og hvaða réttindi börnin hafa innan úrræðanna. Það þarf líka að koma skýrar fram hver á að reka úrræðin ekki síst í ljósi ríkjandi ágreinings á milli sveitarfélaga og ríkis um hver eigi að sinna þessu sem hefur verið í gangi í alltof langan tíma. Það verður líka að skoða hvort það eigi að leyfa einkaaðilum að reka úrræðin á hagnaði eins og gert er í dag eða hvort setja eigi einhverjar hömlur á það. Það þarf að skoða í samræmi við alla málsaðila, bæði einstaklingana sem reka úrræðin, foreldra og börnin sjálf. Það er frekar skrytið að hugsa til þess að einkaaðilar eru í raun að græða á því að hafa börn í þjónustu hjá sér og því meiri sem vandinn er hjá börnunum þeim mun meira geta fyrirtækin rukkað sveitarfélögin um þegar gerður er þjónustusamningur. Einkafyrirtækin eru mörg hver með gott starf en það þarf að hafa eftirlit með þeim og tryggja að samræmi sé í vinnubrögðum á milli fyrirtækja og að hagur barnanna sé hafður að leiðarljósi. Þar sem þetta er mjög viðkvæmur hópur sem þau eru að þjónusta þarf að vanda virkilega til verka.

9 Heimildaskrá

- Amnesty International. (2023). *“Waking up to nothing”: Harmful and unjustified use of pre-trial solitary confinement in Iceland.*
<https://www.amnesty.org/en/documents/eur28/6373/2023/en/>
- Barna- og fjölskyldustofa. (e.d.-a). *Fósturráðstöfun.*
<https://www.bvs.is/urraedi/fosturradstofun/>
- Barna- og fjölskyldustofa. (e.d.-b). *MST: Fjölkerfameðferð.*
<https://www.bvs.is/urraedi/mst/>
- Barna- og fjölskyldustofa. (e.d.-c). *Stuðlar.* <https://www.bvs.is/urraedi/studlar/>
- Barnalög nr. 76/2003.
- Barnaverndarlög nr. 80/2002.
- Barnaverndarstofa. (2019). *Lykiltölur frá barnaverndarnefndum 2019.* [PowerPoint glærur]. [Tafla]. <https://www.bvs.is/media/samanburdarskyrslur-tolulegar-uppl/Lykiltolur-fra-barnaverndarnefndum-2019-Lokaskjal.pdf>
- Barnaverndarstofa. (2022). *Samanburður á fjölda tilkynninga til barnaverndarnefnda á árunum 2019-2021.* [Tafla]. <https://www.bvs.is/media/almeningur/Samanburdur-allt-arid-2019-2020-2021-tilkynningar-januar-2022.pdf>
- Dagur B. Eggertsson. (2022, 8. mars). *Tillaga um stofnun umdæmisráðs barnaverndar Reykjavíkur.* Reykjavíkurborg. https://fundur.reykjavik.is/sites/default/files/agenda-items/13a_tillaga_um_stofnun_umdæmisrads_barnaverndar_reykjavikur._mss22010335.pdf
- Elísabet Karlsdóttir og Ásdís A. Arnalds. (2012). *Afdrif barna sem dvöldu á meðferðarheimilum Barnaverndarstofu á árunum 2000-2007: Rannsóknarskýrsla.* Rannsóknastofnun í barna- og fjölskylduvernd og Barnaverndarstofa.
<https://www.bvs.is/media/rannsoknir-i-bv/Afdrif-barna-sem-dvoldu-a-medferdarheimilum-BVS-a-arunum-2000---2007.pdf>
- Eva Dögg Sigurðardóttir og Heiða Björg Pálmadóttir. (2021). *Ársskýrsla Barnaverndarstofu 2020.* Barnaverndarstofa. [Tafla].
https://www.bvs.is/media/almeningur/Barnaverndarstofa_arsskyrsla2020_Lokautgafa-ny.pdf
- Fangelsismálastofnun ríkisins. (e.d.). *Fangelsi.* <https://www.fangelsi.is/fangelsin/>
- Freydís Jóna Freysteinsdóttir. (2008). Samanburður á unglíngum með áhættu hegðun sem fara í langtímameðferð annars vegar og fá vægari úrræði hins vegar af hálfu barnaverndaryfirvalda. *Tímarit félagsráðgjafa*, 3(1), 5-16.
<https://felagsradgjof.is/wp-content/uploads/2022/10/1765-1721-1-PB.pdf>

- Freydís J. Freysteinsdóttir. (2012). *Skilgreiningar- og flokkunarkerfi í barnavernd (SOF) 2. útgáfa. Barnaverndarstofa*. <https://www.bvs.is/media/verklagsreglur/SOF-090215-3.pdf>
- Gæða- og eftirlitsstofnun velferðarmála. (e.d.-a) *Forsaga og hlutverk*. <https://gev.is/um-okkur/hlutverk/>
- Gæða- og eftirlitsstofnun velferðarmála. (e.d.-b). *Útgefið efni*. <https://gev.is/utgefid-efni/>
- Heilindi. (e.d.-a). *Búseta og skólaúrræði*. <https://heilindi.is/>
- Heilindi. (e.d.-b). *Um okkur*. <https://heilindi.is/about/>
- Heilindi. (e.d.-c). *Þjónustan*. <https://heilindi.is/thjonustan/>
- Helga Kristinsdóttir. (e.d.). *Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins: Hlutverk og samvinna* [PowerPoint glærur]. Barna- og fjölskyldustofa. <https://www.bvs.is/media/radstefnur-malstofur-fraedsla/Malstofa-G-Helga-Kristinsdottir.pdf>
- Helga Sif Friðjónsdóttir, Margrét Ólafía Tómasdóttir, Auður Axelsdóttir og Hrafnhildur Ýr Erlendsdóttir. (2021). *Framtíðarskipulag heilbrigðisþjónustu fyrir börn og ungmenni með neyslu- og fíknivanda: Skýrsla starfshóps*. Heilbrigðisráðuneytið. https://www.stjornarradid.is/library/04-Raduneytin/Heilbrigdisraduneytid/ymsar-skrar/Sk%C3%BDrsla_ungmenni%20og%20vimuefni_lokautgafa_140621.pdf
- Hirschi, T. (2002). *Causes of Delinquency*. Routledge.
- Klettabær. (e.d.-a). *Búsetuúrræði til langs- og skamms tíma*. <https://klettabaer.is/busetuurraedi>
- Klettabær. (e.d.-b). *Sérhæfð þjónusta fyrir börn og ungmenni með margþættan vanda*. <https://klettabaer.is/um-klettabae>
- Klettabær. (e.d.-c). *Sértæk þjónusta fyrir börn og ungmenni*. <https://klettabaer.is/>
- Lög um Barna- og fjölskyldustofu nr. 87/2021.
- Lög um meðferð sakamála nr. 88/2008.
- Lög um Gæða- og eftirlitsstofnun velferðarmála nr. 88/2021.
- Lög um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna nr. 86/2021.
- Margrét Valdimarsdóttir og Jón Gunnar Bernburg. (2007). Heimilisaðstæður, félagsleg tengsl og frávikshegðun unglinga. Í Gunnar Þór Jóhannesson (ritstjóri), *Rannsóknir í Félagsvísindum VIII* (bls. 181-188). Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands.

- Margrét Valdimarsdóttir, Jón Gunnar Bernburg og Rannveig Þórisdóttir (2008). Mælingar á afbrotum unglunga. Í Gunnar Þór Jóhannesson og Helga Björnsdóttir (ritstjórar), *Rannsóknir í Félagsvísindum IX* (bls. 305-316). Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands.
- Patterson, G. R., DeBaryshe, B. og Ramsey, E. (1989). A Developmental Perspective on Antisocial Behavior. *American Psychologist*, 44, 329-335. doi:10.1037/0003-066X.44.2.329
- Reglugerð um afplánun sakhæfra barna nr. 533/2015.
- Reglugerð um úrræði á ábyrgð sveitarfélaga samkvæmt ákvæðum barnaverndarlaga nr. 652/2004
- Samningur um rekstur umdæmisráðs barnaverndar fyrir sveitarfélögin á Suðurnesjum og Árborg. (2022, 9. desember).
<https://www.reykjanesbaer.is/static/files/Velferdarsvid/Barnavernd/samningur-um-rekstur-umdaemisrads-barnaverndar-fyrir-sveitarfelogin-a-sudurnesjum-og-arborg-rafraent-undirritadur.pdf>
- Samningur um rekstur umdæmisráðs Landsbyggða. (e.d.).
<https://ibuagatt.akranes.is/meetingsearch/displaydocument.aspx?itemid=hhiPykeutOuoIjrSpNJCdg&meetingid=UxJt2WR1UKcAja5fhXMQ1&filename=Samningur%20um%20rekstur%20umd%C3%A6mis%C3%A1%C3%B0s%20Landsbygg%C3%B0a.&cc=Document>
- Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu. (2022, 13. desember). *Nýtt umdæmisráð*.
<https://www.ssh.is/frettir/nytt-umdaemisrad>
- Stjórnarráð Íslands. (e.d.). *Barnaverndarnefndir - kort*. [Mynd].
<https://www.stjornarradid.is/verkefni/felags-og-fjolskyldumal/malefni-barna/barnavernd/barnaverndarnefndir-kort/>
- Umboðsmaður barna. (e.d.). *Réttindi barna*. <https://www.barn.is/born-og-unglingar/rettindi-barna-og-unglinga/>
- Vinakot. (e.d.-a). *Atlas – Frístundaklúbbur*. <https://vinakot.is/fristundaklubburinn-atlas/>
- Vinakot. (e.d.-b). *Búsetuúrræði: Heimilislegt og vinarlegt umhverfi*.
<https://vinakot.is/busetuurraedi/>
- Vinakot. (e.d.-c). *Gildin okkar*. <https://vinakot.is/um-okkur/>
- Vinakot. (e.d.-d). *Skólakot – Úrræði fyrir börn og unglunga í 3.-10. bekk...*
<https://vinakot.is/skolakot/>
- Vopnabúrið. (e.d.-a). *Vopnabúrið varð að veruleika*. <https://www.vopnaburid.is/>
- Vopnabúrið. (e.d.-b). *Þjónustan*. <https://www.vopnaburid.is/um-okkur>

Þingskjal nr. 1221/2020-2021. Frumvarp til laga um breytingar á barnaverndarlögum, nr. 80/2002 (barnaverndarþjónustu, samþætting o.fl.).

Ada Björnsdóttir